

Minna sælgæti og ódýrara vín

Nanna Rögnvaldardóttir og Sigmar Guðmundsson ræða um verkföll, aprílgebb og sitthvað fleira.

Rökstólar 18



ALLA SUNNUDAGA

12  
SÍÐUR

RE/MAX  
Fasteignablað

www.remax.is - öflugur fasteignavefur

# FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

6. apríl 2008 – 93. tölublað – 8. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 512 5000

SUNNUDAGUR

## Samskiptaleysi lækna kemur niður á þjónustu við sjúklinga

Alengt er að samskiptaleysi milli lækna sjúkrahúsa, sérfræðilækna og lækna á heilsugæslustöðvum hafi í för með sér að enginn hafi yfirsýn yfir lyfjagjafir sjúklinga. Því er ekki stjórnað hvar sjúklingar með langvinna sjúkdóma njóta þjónustu eða eftirlits. Þetta segir formaður Félags íslenskra lyflækna.

**HEILBRIGÐISMÁL** Skipulag lækniþjónustu á Íslandi er vægast sagt tilviljanakennt. Skilgreina þarf betur hlutverk sjúkrahúsa, heilsugæsla og sérfræðilækna. Slíkt myndi lækka útgjöld til muna. Þetta segir Runólfur Pálsson, formaður Félags íslenskra lyflækna. Runólfur segir langstærsta verkefni heilbrigðiþjónustunnar vera meðferð langvinnra sjúkdóma. „Því er ekkert stjórnað hvar sjúklingar með langvinna sjúkdóma, einn eða fleiri, njóta þjónustu, hvar þeir eru í eftirliti og hvar tekin er ákvörðun um þeirra meðferð,“ segir hann.

Í nýjasta hefti Læknablaðsins segir hann meðferð slíkra sjúkdóma afar krefjandi viðfangsefni bæði hvað varðar kostnað og starfskrafta. Þrátt fyrir það hafi málið ekki verið tekið föstum tökum.

„Alvarlegustu tilfellin eiga heima á göngu-deildum Landspítalans þar sem er greiður aðgangur að flókinni þjónustu en léttari tilfellin hjá heilsugæslunni sem er ódýrasti valkosturinn, tilfellin sem falla þarna á milli ættu svo að vera á hendi sérfræðilækna. Nú er staðan ekki þannig,“ segir hann. Í alltof mörgum tilfellum fari fólk fram hjá heilsugæslulæknum og fái þjónustu annarra sérfræðilækna, jafnvel árum saman þótt þess sé ekki þörf og hafi í för með sér meiri kostnað fyrir samfélagið. Þá hafi skortur á heimilislæknum ýtt enn frekar undir þessa þróun.

Með frekari skilgreiningu á því hvaða sjúkdómar og á hvaða stigi geti verið á hendi hvers hluta innan heilbrigðiskerfisins mætti létta álag á bráðþjónustu sjúkrahúsanna. Í flestum tilfellum ættu heilsugæslulæknar að hafa yfir-

sýn yfir málefni þeirra sem þjást af langvinnu sjúkdómum en til þess þurfi heimilislæknar að hafa greiðan aðgang að upplýsingum um sjúklinga sína þegar þeir fá þjónustu annars staðar. Víða erlendis séu þessir hlutir í mun betri farvegi en hér er og byggist það á mikilli samvinnu lækna innan og utan sjúkrahúsa. Hérlandis sé veruleg tregða á þeim samskiptum og úr því verði að bæta.

Samskiptaleysi þessara þriggja grunneininga heilbrigðiskerfisins valdi því miður því að alengt sé að enginn hafi heildaryfirsýn á lyfjameðferð sjúklinga. Lyfjagagnagrunnur og rafrænar lyfjaávisanir séu gott framtak í þeim efnum en hann ítrekar að auk þess þurfi ávallt að skilgreina hver sé umsjónarlæknir sjúklings með langvinnu sjúkdóm og að honum sé ávallt tilkynnt um nýjar lyfjaávisanir. - kdk

**KYNÞOKKAFYLLST**  
Hornamennirnir eru heitastir í N1-deildunum.

SPORT FYRIR Í DAG


**SÖGULEGUR FUNDUR**

Tímamótaákvörðanir voru teknar á fundi leiðtoga Atlantshafsbandalagsríkja í Búkaress.

**UTANRÍKISMÁL 16**



**VEÐRIÐ Í DAG**



**Áframhaldandi blíða** Veðrið í dag er áframhald á blíðunni í gær, bjartviðri um allt land, hægur vindur og hiti yfir frostmarki sunnan- og vestanlands en rétt fyrir neðan frostmark norðan- og austantil.



**MEIRI HÁTTAR SKÍÐAFÆRI** Um tvö þúsund manns voru í Bláfjöllum í gær og um ellefu hundruð í Hlíðarfjalli.

FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

### Besti skíðadagurinn í vetur: Skíðafæri með allra besta móti

**ÚTIVIST** „Það eru mörg ár síðan aðstæður hafa verið svona frábærar,“ segir Einar Bjarnason hjá skíðasvæðunum í Bláfjöllum. „Hér er allt á kafi í snjó, sól, logn og frost.“

Um tvö þúsund manns voru á skíðum í Bláfjöllum í gær en að sögn Einars getur svæðið vel tekið á móti fimm þúsund manns.

Um ellefu hundruð manns voru í Hlíðarfjalli í gær þar sem fram fer unglíngameistaramót Íslands á skíðum. „Að mínu mati er þetta besti skíðadagurinn í vetur,“ segir Kristján Baldursson skíðakennari. Mjög gott veður var í Hlíðarfjalli, sól og blíða.

Flest skíðasvæði landsins eru opin í dag. Í Bláfjöllum og Hlíðarfjalli opnar klukkan tíu og verður opið fram eftir degi. - ovd

Málverkið Lovescape seldist á 35 milljónir hjá uppboðsskrifstofu í París:

## Vonbrigði með verð á Erró

**MENNING** Málverkið Lovescape, eftir Guðmund Guðmundsson, Erró, var í gærkvöldi slegið á 300 þúsund evrur eða 35 milljónir íslenskra króna hjá uppboðsskrifstofunni Cornette de Saint Cyr í París.

Lovescape, sem er frá árunum 1972-74, var metið á bilinu 300-400 þúsund evrur og var eitt verðmætasta verkið á uppboðinu. Verkið var á sama verðbili og tvö léreftsbrykk eftir Andy Warhol og olíumynd eftir Anselm Kiefer.

Á uppboðsverðið leggst tíu prósentu uppboðsgjald og tæplega tólf prósentu skattur. Kaupandinn mun því reiða af hendi 369.468 evrur þegar upp er staðið, eða tæpar 43 milljónir íslenskra króna.

Verðið sem gefið var fyrir Lovescape er mun lægra en hæsta verð sem til þessa hefur verið greitt

fyrir verk eftir Erró frá sama tímabili. Verkið Comicscape var selt á 720 þúsund evrur á uppboði hjá Christies í desember eða nær 84 milljónir íslenskra króna á núverandi gengi.

Félagar Errós sem tilheyra hópi „nonfigurative“-málaranna áttu margir verk á uppboðinu í gær: Klasen, Monory og Adami. Verk hópsins njóta nú mikillar athygli í París vegna stórsýningar á Grand Palais sem opnar hinn 16. apríl en hún er helguð þeim. Þá stendur enn stórsýning í Zürich um evrópsku popplístinu sem vakið hefur athygli og lýkur um miðjan maí. Þar er Erró einnig í forsæti. - pbb

**LOVESCAPE** Verk Errós fór á 300 þúsund evrur eða um 35 milljónir íslenskra króna.

FRÉTTABLAÐIÐ/GREGORY GERAULT



OPÍÐ FRÁ 13 TIL  
**18**  
Á SUNNUDÖGUM

Kringlan

OPÍÐ Í DAG  
13-18

3. - 7. apríl  
**KAUPHLAUP**  
í Smáralind

ENNEMAN / SIA / NUS2897





# HVAÐ EIGA NASA, WHO OG MICROSOFT SAMEIGINLEGT?



**DR. SLAWOMIR KOZIEL**  
RAFMAÑSVERKFRÆÐI  
Kemur til HR frá  
McMaster-háskóla í Kanada



**DR. VALDIMAR SIGURBSSON**  
MARKAÐSFRÆÐI OG  
NEYTENDAHEGÐUN  
Kemur til HR frá  
Cardiff-háskóla



**DR. ARI K. JÓNSSON**  
GERVIGREIND  
Kemur til HR  
frá NASA



**DR. GUÐJÓN MAGNÚSSON**  
LÝÐHEILSUFRÆÐI  
Kemur til HR  
frá WHO



**DR. MAGNÚS MÁR HALLDÓRSSON**  
TÖLVUNARFRÆÐI  
Kemur til HR  
frá Háskóla Íslands



**DR. GUÐRÚN H. BALDVINSDÓTTIR**  
REKSTRARBÓKHALD  
Starfar við HR samhliða  
störfum við Gautaborgar-  
háskóla og Dundee-háskóla



**DR. LEIFUR ÞÓR LEIFSSON**  
FLUGVÉLAVERKFRÆÐI  
Kemur til HR  
frá Marorku



**DR. FRÍÐRIK MÁR BALDURSSON**  
HAGFRÆÐI  
Kemur til HR  
frá Háskóla Íslands



**DR. VLAD VAIMAN**  
STJÓRNUN  
Kemur til HR  
frá Joanneum-  
háskóla í Austurríki



**DR. ÚLFAR ERLINGSSON**  
TÖLVUÖRYGGI  
Kemur til HR  
frá Microsoft Research



**DR. MARCO RABERTO**  
FJÁRMÁLAVERKFRÆÐI  
Kemur til HR frá  
Genúaháskóla á Ítalíu



**DR. TOMMI SOTTINEN**  
FJÁRMÁLASTÆRÐFRÆÐI  
Kemur til HR frá  
Helsinkiháskóla



**DR. ODDGEIR OTTESEN**  
FJÁRMÁL  
Kemur til HR  
frá Kaliforníuháskóla



**DR. BILL HARVEY**  
ORKUVERKFRÆÐI  
Kemur til HR frá Power  
Engineers í Bandaríkjunum



**DR. ANDREI MANOLESCU**  
EÐLISFRÆÐI  
Kemur til HR frá  
Íslenskri erfðagreiningu



**DR. GUNNAR GUÐNI TÓMASSON**  
STRAUMFRÆÐI  
Kemur til HR frá  
Verkfræðistofu  
Sigurðar Thoroddsen

NASA, Microsoft og WHO eru allt fyrrverandi vinnustaðir nýráðinna starfsmanna HR.

Við höfum á undanförunum mánuðum ráðið til starfa við Háskólann í Reykjavík hæfileikafólk með breiðan faglegan bakgrunn og starfsreynslu frá fyrirtækjum og menntastofnunum um allan heim.

Þau munu ganga til liðs við sterkan hóp starfsmanna og hjálpa okkur að móta háskóla framtíðarinnar.

Tökum við umsóknum núna  
Kynntu þér námið á [www.hr.is](http://www.hr.is)

FRAMTÍÐIN ER  
HR







## Bilið milli lífs og dauða



### DREKKUM VATN OG BJÖRGUM MANNSLÍFUM

4. til 13. apríl

Þú getur lagt þitt af mörkum og fengið nánari upplýsingar á heimasíðunni [www.vatnsvika.is](http://www.vatnsvika.is)

Daglega deyja um 6000 börn vegna skorts á heilnæmu drykkjarvatni. 1 milljarður manna hefur engan eða takmarkaðan aðgang að hreinu vatni.

UNICEF á Íslandi stendur fyrir fjársöfnun til vatnsverkefna UNICEF um allan heim. Þér gefst kostur á að styrkja þetta málefni með því að greiða **250 kr.** fyrir glas af hollu og góðu ferskvatni á mörgum veitingastöðum í Vatnsviku UNICEF.

#### Þátttakendur í Vatnsviku:

|                 |                  |
|-----------------|------------------|
| Brasserie Grand | Ó restaurant     |
| Domo            | Perlan           |
| Einar Ben       | Silfur           |
| Fiskmarkaðurinn | Sjávarkjallarinn |
| Gullfoss        | Við Tjörnina     |
| Grillið         | Við fjöruborðið  |
| Hótel Holt      | VOX              |
| La Primavera    |                  |



Stoltur stuðningsaðili Vatnsviku UNICEF



## Félagsvísindadeild

MA og diplómanám í alþjóðasamskiptum  
MA í blaða- og fréttamennsku.  
MLIS í bókasafns- og upplýsingafræði  
MA og diplómanám í bókasafns- og upplýsingafræði  
MA og diplómanám í félagsfræði  
MA og diplómanám í félagsráðgjöf  
MA í félagsráðgjöf til starfsréttinda  
MA og diplómanám í fötlunarfræði  
MA í hagnýtri þjóðfræði  
MA og diplómanám í kennslufræði til kennsluréttinda  
MA í kynjafræði og diplómanám í hagnýtri jafnréttisfræði  
MA og diplómanám í mannfræði  
MA og diplómanám í náms- og starfsráðgjöf.  
MA í norrænni trú (kennt á ensku)  
MPA og diplómanám í opinberri stjórnsýslu  
MA í stjórn málafræði  
MA og diplómanám í uppeldis- og menntunarfræði  
MA í þjóðfræði  
MA og diplómanám í þróunarfræði  
MA og diplómanám í öldrunarfræðum

## Hugvísindadeild

Almenn bókmenntafræði (M.A., doktorsnám)  
Danska (M.A., M.Paed.)  
Enska (M.A., M.Paed.)  
Fornleifafræði (M.A., doktorsnám)  
Franska (M.A., M.Paed.)  
Hagnýt ritstjórn og útgáfa (M.A.)  
Hagnýt menningarmiðlun (M.A.)  
Heilbrigðis- og lífsiðfræði (M.A.)  
Heimspeki (M.A., M.Paed., doktorsnám)  
Íslensk fræði (M.A.)  
Íslensk málfræði (M.A., doktorsnám)  
Íslenska (M.Paed.)  
Íslenskar bókmenntir (M.A., doktorsnám)  
Medieval Icelandic Studies (M.A.)  
Sagnfræði (M.A., M.Paed., doktorsnám)  
Spænska (M.A., M.Paed.)  
Starfstengd siðfræði (diplómanám)  
Tungutækni (M.A.)  
Umhverfis- og náttúrusiðfræði (M.A.)  
Viðskiptasiðfræði (M.A.)  
Þýðingafræði (M.A.)  
Þýðingar (diplómanám)  
Þýska (M.A., M.Paed.)

# Taktu næsta skref!

Kynning á meistaranámi hjá félagsvísindadeild, guðfræðideild, hugvísindadeild, lagadeild og viðskipta- og hagfræðideild Háskóla Íslands.

Kynningin verður miðvikudaginn 9. apríl, kl. 16-18 á Háskólatorgi.

Umsóknarfrestur í meistaranám er til og með 15. apríl.



HÁSKÓLI ÍSLANDS

[www.hi.is](http://www.hi.is)

## Viðskipta- og hagfræðideild

Ms í fjármálum fyrirtækja  
MS í mannauðsstjórnun  
MS í markaðsfræði og alþjóðaviðskiptum  
MS í stjórnun og stefnumótun  
MS í viðskiptafræði  
MAcc í reikningshaldi og endurskoðun  
MBA í viðskiptafræði  
-  
MS í fjármálahagfræði  
MS í hagfræði  
MS í heilsuhagfræði

## Lagadeild

Mag.jur. í lögfræði - Almenn nám  
Mag.jur í lögfræði með áherslu á:  
- Evrópurétt  
- Fjármunarétt  
- Refsirétt  
- Réttarfar  
- Stjórnsýslurétt  
- Umhverfis- og auðlindarétt  
- Upplýsingatæknirétt  
- Verðbréfamarkaðsrétt  
- Viðskipta- og skattarétt  
- Þjóðarétt  
LL.M. í auðlindarétti og alþjóðlegum umhverfisrétti

## Guðfræðideild

Guðfræði (M.A., doktorsnám)

## VEISTU SVARIÐ?



- 1 Málverk eftir hvaða íslenska listamann var boðið upp í París í gær?
- 2 Hverjir eru Íslandsmeistarar kvenna í körfuknattleik?
- 3 Hver leikstýrir leikritinu Sá ljóti í Þjóðleikhúsinu?

SVÖRIN ERU Á SÍÐU 34

Aðalfundur Evrópusamtakanna:

## Fagna efldri Evrópumræðu

**EVROPUMÁL** Á aðalfundi Evrópusamtakanna, sem haldinn var á fimmtudag í Þjóðmenningarhúsinu við Hverfisgötu, var ánægju lýst með þá hreyfingu sem er á Evrópumræðunni um þessar mundir. Árni Páll Arnason, varaformaður utanríkisnefndar Alþingis, flutti framsöguávarp.

Eiður Snorri Bjarnason, fimm ára sonarsonur Þorvalds Gylfasonar prófessors, tók fyrir hönd afa síns við viðurkenningunni „Evrópumaður ársins 2006“.

Við þetta tækifæri var boðað að viðurkenning fyrir „Evrófumann ársins 2007“ verði afhent á Evrópudaginn 9. maí.

Andrés Pétursson var endurkjörinn formaður samtakanna. Meðal gesta á hátíðinni var Jón Baldvin Hannibalsson, fyrrverandi utanríkisráðherra.

- aa

Utanríkisráðherra Finnlands, Ilkka Kanerva, neyddur til að segja af sér:

# Tvíræð skilaboð urðu ráðherra að falli

**FINNLAND** Utanríkisráðherra Finnlands, Ilkka Kanerva, hefur sagt af sér og situr nú sem óbreyttur þingmaður á finnska þinginu. Kanerva var neyddur til að segja af sér eftir að finnska tímaritið Hymy birti 24 af 200 smáskilaboðum sem Kanerva sendi nektardansmeynni Jóhönnu Tukiainen úr ráðherrasíma sínum í byrjun ársins, að sögn finnska dagblaðsins Helsingin Sanomat.

Kanerva og Tukiainen hittust í flugvél á leið til Lapplands í ársbyrjun og áttu saman kvöldstund. Skömmu síðar fór Kanerva að senda Tukiainen tvíráð SMS-skilaboð sem nú hafa verið birt. Textaskilaboð á



**TILKYNNTI AFSÖGNA** Jyrki Katainen, formaður Hægri-flokksins, tilkynnti að Kanerva hefði sagt af sér og að Alexander Stubb tæki við sem utanríkisráðherra. NORDICPHOTOS/AFP

borð við „Heldur þú garðinum þínum í lagi?“ og „Hvernig ætli það sé að koma við þig með fingrunum í næturklúbbnum?“ hafa verið birt úti um allt á Norðurlöndum.

Í byrjun mars hófst umfjöllun um símaskilaboðin í finnskum fjölmiðlum. Kanerva baðst opinberlega afsökunar og hélt áfram í starfi

utanríkisráðherra en eftir að SMS-in voru birt 1. apríl í Hymy tók Jyrki Katainen, formaður Hægri-flokksins og fjármálaráðherra, ákvörðun um að Kanerva yrði að vika. Stjórnmalaskýrendur segja að að baki þessari ákvörðun liggi fyrri axarsköft Kanervas en fyrir þremur árum sögðu nokkrar fyrirsætur frá því að þær hefðu fengið kynferðisleg skilaboð frá Kanerva sem bauð þeim í staðinn vinnu við heimsmeistarakeppnina í frjálsum íþróttum.

Alexander Stubb, þingmaður á Evrópuþinginu, hefur tekið við embætti sem utanríkisráðherra Finnlands.

- ghs



**SENDI 200 SMS** Tvíráð SMS urðu Ilkka Kanerva utanríkisráðherra að falli en hann sendi samtals 200 SMS-skilaboð úr embættissíma sínum til nektardansmeyjarinnar Jóhönnu Tukiainen.

Félagar í BHM telja 500 þúsund sanngjörn laun:

## Vinna meira fyrir minna kaup

**VINNUMARKAÐUR** Félagar í Bandalagi háskólamanna (BHM) vinna lengri vinnuviku fyrir minni laun en félagsmenn Verslunarmannafélags Reykjavíkur (VR) og Samtaka starfsmanna fjármálafyrirtækja (SSF). Þetta kemur í ljós þegar gerður er samanburður á nýrri kjarakönnun sem Capacent Gallup hefur gert fyrir BHM og sambærilegum kjarakönnunum fyrir VR og SSF.

Heildarlaun háskólamenntaðra innan VR eru tíu prósentum hærra og heildarlaun háskólamenntaðra innan SSF heilum 22 prósentum hærra en heildarlaun félagsmanna BHM. Einnig kemur fram að vinnuvikan er töluvert

lengri hjá félagsmönnum BHM, eða 46,1 klukkustund á móti 43,8 stundum hjá SSF og 45 stundum hjá VR.

Könnunin sýnir að félagsmenn BHM telja að laun þeirra þyrftu að hækka um 26-28 prósent til að geta talist sanngjörn. Þeir telja sanngjörn heildarlaun fyrir 70-100 prósent starf vera 518.936 krónur á meðan háskólamenntaðir innan VR telja sanngjörn laun vera 510.870 krónur.

Munur á meðallaunum karla og kvenna innan BHM er 13,3 prósent, en þar af er kynbundinn launamunur 5,7 prósent, töluvert minni en hjá SSF eða 12,9 prósent, og VR eða 11,6 prósent. - kg



**RAFTÆKJAKAUP LEYFÐ** Kúbverskum almenningi leyfist nú loks að kaupa raftæki. Skiptar skoðanir eru á því hve miklu máli tilslakanirnar skipta. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Kúbverskt glasnost

Kúbustjórn Raúls Castro hefur með nýjum tilskipunum gert tilslakanir sem ætlað er að gera kúbverskum almenningi daglegt líf bærilegra. Tilgangurinn er þó að tryggja kommúnistum völdin áfram.

**KÚBA, AP** Undanfarna viku hefur ríkisstjórn Raúls Castro á Kúbu afnumið nokkrar hötuðustu hömlurnar sem skortkerfi valdhafanna hefur gert íbúum landsins að una við.

Þannig hefur banni við verslun með rafmagnstæki, örbylgjuofna og tölvur verið aflétt, óbreyttum borgurum er boðinn frjáls aðgangur að ferðamannadvalarstöðum sem hingað til hafa verið aðeins opnir útvöldum og því hefur jafnvel verið lýst yfir að Kúbverjar geti nú eignast sinn eigin farsíma, löglega.

Frekari tilslakanir kunna að vera í undirbúningi. Nú gengur sá orðrómur fjöllum herra að það kunni að verða slakað á ferðafrelstakmörkunum, og yfirvöld hyggist jafnvel umbera einkarekstur í smáum stíl. Vonir um að breytingar verði gerðar á hinu tvöfalda gjaldmiðlskerfi landsins, sem hefur gert venjulegu launafólki ógerlegt að nálgast innfluttar vörur, hefur orsakað mikið gengisfall kúbverska pesóins.

„Við ætlum að fara og kaupa meira og meira,“ hefur AP eftir eftirlaunaþeganum Roberto Avila.

„Það er framtíðin á Kúbu, og það er björt framtíð.“

Þó er Kúba langt frá því að vera gósenland til verslunar. Nærri allir eru í starfi hjá ríkinu og fá að jafnaði sem svarar tæplega 1.500 íslenskum krónum í mánaðarlaun. Margir hafa hins vegar hliðartekjur í Bandaríkjadöllum með aukavinnu tengdri ferðaþjónustu eða frá ættingjum erlendis. Það tæki meðallaunamann á Kúbu fimm mánuði að spara sér fyrir ódýrum geislaspilara.

Með afnámi hafta sem Kúbverjar hafa ímugust á kann að vera að Raúl Castro takist að slá á kröfur um róttækari efnahagslegar og pólitískar umbætur. Hins vegar kunna hinar litlu breytingar sem stjórnin fær sig þó til að hrinda í framkvæmd að verða til þess að vekja lyst almennings í landinu á breytingum sem gengju lengra.

„Þessar ráðstafanir til að heimila Kúbverjum að kaupa DVD-diska og annað dót eru bara til þess að hafa ofan af fyrir fólkinu,“ segir Maite Moll, 45 ára gamall verkfræðingur. „Þetta skiptir í raun litlu þar sem það leysir engan vanda.“

audunn@frettabladid.is



**RAÚL CASTRO** Ríkisstjórn hans hefur afnumið ýmsar hömlur í landinu, svo sem bann við verslun með rafmagnstæki. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

## STYRKUR TIL NÁMS Í FISKIFRÆÐI OG SKYLDUM GREINUM

Landssamband Íslenskra útvegsmanna auglýsir styrk til framhaldsnáms í fiskifræði, sjávarvistfræði, sjávarlíffræði, fiskalífisfræði, haffræði, veiðarfærafræði og skyldum greinum.

Styrkurinn er ætlaður þeim sem hafa lokið eða eru að ljúka háskólanámi og hyggjast stunda framhaldsnám erlendis á næsta skólaári.

Styrkupphæð er kr. 700.000,-

Umsóknir skal merkja „námsstyrkur“ og senda til

Landssambands Íslenskra útvegsmanna, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.

Umsóknum fylgi upplýsingar um námsferil, námsárangur og stutt greinargerð um fyrirhugað nám.

Umsóknarfrestur er til 2. maí 2008.

Nánari upplýsingar veitir dr. Kristján Þórarinsson hjá Landssambandi Íslenskra útvegsmanna í síma 591 0300.





# SUMIR NOTAÐIR BÍLAR ERU EINFALDLEGA **BETRI** EN AÐRIR

Núna bjóðum við 12 betri notaða bíla á sannkölluðum úrvalskjörum



**Toyota Avensis S/D**  
1800 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 01.05 Ekinn: 46.000 km  
Verð: 2.250.000 kr. Skr.nr. BX-973



**Mercedes Bens c 320 S/D**  
3200 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 03.06 Ekinn: 12.000 km  
Verð: 4.350.000 kr. Skr.nr. DB-858



**Toyota Avensis W/G**  
1800 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 07.05 Ekinn: 35.000 km  
Verð: 2.550.000 kr. Skr.nr. JF-700



**Toyota RAV4 GX**  
2000 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 06.06 Ekinn: 26.000 km  
Verð: 3.460.000 kr. Skr.nr. KK-295



**Toyota RAV4**  
2000 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 05.05 Ekinn: 34.000 km  
Verð: 2.790.000 kr. Skr.nr. LO-415



**Toyota RAV4 GX**  
2000 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 05.06 Ekinn: 47.000 km  
Verð: 3.370.000 kr. Skr.nr. MZ-655



**Toyota Land Cruiser 120 VX**  
3000 Dísel sjálfsk. 35" dekk  
Á götuna: 11.05 Ekinn: 35.000 km  
Verð: 6.950.000 kr. Skr.nr. RA-366



**Toyota Yaris T SPORT**  
1800 Bensín 5 gíra  
Á götuna: 01.07 Ekinn: 21.000 km  
Verð: 2.570.000 kr. Skr.nr. RM-949



**Toyota Corolla S/D SOL**  
1600 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 03.06 Ekinn: 14.000 km  
Verð: 2.190.000 kr. Skr.nr. SM-448



**Toyota Land Cruiser 120 GX**  
4000 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 06.04 Ekinn: 48.000 km  
Verð: 4.080.000 kr. Skr.nr. VJ-671



**Toyota Avensis W/G**  
1800 Bensín sjálfsk.  
Á götuna: 09.06 Ekinn: 33.000 km  
Verð: 2.890.000 kr. Skr.nr. VO-197



**Mercedes Bens ML-320 CDI**  
3000 Dísel sjálfsk.  
Á götuna: 03.07 Ekinn: 20.000 km  
Verð: 6.800.000 kr. Skr.nr. YO-313

## BNB-sölugreining

Bílamir ganga í gegnum strangt gæðamat sem tekur mið af aldri, akstri og viðhaldssögu bílsins. Þeir sem standast kröfurnar lenda annað hvort í flokknum Úrvalsbílar eða Gæðabílar. Ef bíllinn stenst ekki kröfur okkar bjóðum við þér hann ekki.



BETRI NOTAÐIR BÍLAR **TOYOTA**



FordFocus



Nýtt tákni um gæði

## Láttu töfrana tala við þig í Brimborg í dag Prófaðu nýjan, endurhannaðan Ford Focus

Lokaðu augunum. Finndu hvernig töfrarnir tóna í Brimborg í dag. Töfraðu til þín söluráðgjafa. Töfraðu fram einn glæsilegasta bíl ársins. Töfraðu fram sérstakt kynningarverð á nýjum Ford Focus. Nýttu þér töfrana. Nýtt og töfrandi útlit, töfrandi tækni og búnaður eru örfá töfrandi dæmi sem mæla með nýjum, endurhönnuðum Ford Focus. Láttu töfrana tala. Prófaðu nýja tækni – nýjan fjölskyldubíll sem gaman er að eiga, gott að keyra og hagkvæmt að reka. Veldu umhverfishæfan bíl. Veldu núna Ford Focus.

Láttu töfrana tala. Spurðu um verð og gæði. Spurðu um fjármögnun. Ford. Keyrð'inn.

Komdu **í dag**  
**frumsýning** Kaffi og  
frá kl. 13 til 16, kleinur  
í Brimborg  
Akureyri, Reykjavík



**Töfrandi kynningarverð: 2.690.000 kr.\***

Ford Focus Trend  
1,6i 100 hö 150 Nm  
5 dyra 5 gíra beinskiptur  
CO2 losun 159 g/km  
Eyðsla í blönduðum akstri 6,7 l/100 km

© 2011 HMM/MBE/BSL - GREY COMMUNICATIONS INTERNATIONAL

Brimborg Reykjavík: Bíldshöfða 6, sími 515 7000 | Brimborg Akureyri: Tryggvabraut 5, sími 462 2700 | [www.ford.is](http://www.ford.is)

\*Brimborg og Ford áskilja sér rétt til að breyta verði og búnaði án fyrirvara og að auki er kaupverð háð gengi. Aukabúnaður á mynd eru áföngur. Nánari upplýsingar veita söluráðgjafar Brimborgar.

**brimborg**

Öruggur staður til að vera á

## Auglýsingasími

512  
550  
550

- Mest lesið

## Stjórnmalamenn sniðgangi Peking

## UMRÆÐAN

Ólympíuleikar

Það er engin ástæða til þess að láta margra ára vinnu íþróttamanna fara í súginn með því að neyða þá til að sniðgangi Ólympíuleikana sem haldnir verða í Peking síðar á árinu. En það er heldur engin ástæða til að senda íslenska ráðamenn til að láta þá heiðra sérstaklega kínversku alræðisstjórnina í vandræðalegum kokteilboðum á sama tíma og hún gengur milli bols og höfuðs á eigin þegnum í Tíbet og víðar.

PAWEŁ BARTOSZEK

Ólympíuleikarnir í Moskvu 1980



voru að mestu sniðgengnir af Vesturlöndum. Þar með urðu draumar fjölmargra íþróttamanna að engu. En lífið hélt samt áfram að öðru leyti. Stjórnmalástandi við Sovétríkin var ekki slitið, viðskiptasambönd við Sovétríkin stóðu óbreytt, og raunar gátu vestrænir ferðamenn áfram ferðast eftir sömu leiðum og áður. Þær ástæður sem gefnar voru fyrir sniðgöngunni voru sem sagt ekki nærar til að nokkrir aðrir en hlauparar, sundgarpar eða kúluvarparar þyrftu að færa fórnir.

Það sama ætti að eiga við nú. Það er fánlegt að ætlast þess af mön-

um að þeir færi eina mestu fórn sem íþróttamaður getur fært, á meðan viðskiptin blómstra, stjórnmalasamband er á milli ríkjanna, ferðir til Kína heimilaðar, námsmanna skipti virk og sendiráð opin á báðum stöðum. Sama ætti að gilda um þátttöku íþróttamanna í opunarhátíð leikanna, slíkt ætti að vera persónuleg ákvörðun hvers og eins. Það er auðvelt að vera táknrænn á kostnað drauma og metnaðs annarra.

Hins vegar er hvorki nauðsynlegt né æskilegt að íslenskir ráðamenn veiti Kínastjórn síðferðislegan stuðning með því að setjast í heidursstúku á opunarhátíð leikanna og heiðra kínversk stjórnvöld á öðrum fundum sem jafnan fylgja slíkum samkomum. Þeir ættu að

Hins vegar er hvorki nauðsynlegt né æskilegt að íslenskir ráðamenn veiti Kínastjórn síðferðislegan stuðning með því að setjast í heidursstúku á opunarhátíð leikanna ...

fara að fordæmi Donalds Tusk, Angelu Merkel, Nicolas Sarkozy, Vac-lavs Klaus og annarra evrópskra leiðtoga: sitja heima í sumar og styðja íslenska íþróttamenn til dása. Fyrir framan sjónvarpið.

Höfundur er háskólakennari og situr í stjórn SUS.

Spennandi starf  
inni í blaðinu.

Hive




S.KO

## Fuerteventura

3. eða 17. júní

frá kr. 44.990

Frábært sértíloð  
Aparthotel Dunas Alisios

## Mjög takmarkaður fjöldi íbúða í boði!

Heimsferðir bjóða frábært sértíloð til Fuerteventura, sem hefur svo sannarlega slegið í gegn hjá Íslendingum. Njóttu lífsins á þessum vinsæla sumarleyfisstað við góðan aðbúnað. Að sjálfsögðu nýtur þú traustrar þjónustu fararstjóra Heimsferða allan tímann. Dunas Alisios íbúðahótelid í Correlejo er vel staðsett og órstutt frá strönd og í stuttu göngufæri frá íðandi mannlífinu, veitingastöðum, verslunum og börum. Á hótelinu er góð sólbaðsástaða, útisundlaug, barnasundlaug og leikaðstaða fyrir börnin, s.s. barnaklúbbur og skemmtidagskrá, en einnig er sundlaugarbar, billiardborð, tennisvöllur og skvass.

Verð kr. 44.990

Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. **Sértíloð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.**

Verð kr. 54.990

Netverð á mann, m.v. 2 saman í íbúð á Dunas Alisios í viku. Aukavika kr. 10.000. **Sértíloð 3. júní í 2 vikur eða 17. júní í 1 eða 2 vikur.**



Skógarhlíð 18 • sími 595 1000

Akureyri • sími 461 1099 • www.heimsferdir.is

Birt með fyrirvara um prentvillur. Heimsferðir áskilja sér rétt til leiðréttinga á slíku. Ath. að verð getur breyst án fyrirvara.



## UMRÆÐAN

Efnahagsmál

Íslenskt efnahagslíf stendur nú frammi fyrir meiri vanda en blas að hefur við um áratuga skeið. Ástæðurnar má að hluta rekja til alþjóðlegrar fjármálakreppu en ekki síður ákvarðanatökufælni stjórnvalda hér heima. Því miður hefur ríkisstjórnin ekki tekið á vandanum af þeirri festu, skilningi og útsjónarsemi sem nauðsynlegt er við slíkar aðstæður og ekkert sem bendir til þess að svo verði. Þvert á móti. Viðbrögð hennar, eða réttara sagt aðgerðaleyfi, hefur ekki verið í neinu samræmi við horfur í efnahagsmálum og samspil við peningamálastjórn Seðlabankans hefur ekkert verið. Alþjóðleg matsfyrirtæki hafa nú þegar lækkað lánshæfismat ríkissjóðs á sömu rökum og við framsóknarmenn höfum haldið fram til margra mánaða. Aðgerðaleyfi ríkisstjórnarinnar er sá þáttur sem þar vegur þyngst.

Framsóknarmenn hafa nú lagt fram skynsamur og hófsamar tillögur að nýrri þjóðarsátt og aðgerðum sem hægt er að grípa strax til og lágmarka skaðann.

## Fjármálakerfið

Tillögur okkar sem snúa að fjármálakerfinu sjálfu eru í þremur liðum. Efla þarf gjaldryðisforða



GUÐNI ÁGÚSTSSON

Seðlabankans til að draga úr þeirri óvissu sem er uppi um greiðslugetu fjármálakerfis landsmanna. Yfirtaka Íbúðalánasjóðs á fasteignalánnum bankanna þarf að vera til reiðu á lánnum sem eru undir tilteknum fjárhæðarmörkum og þannig verði með félagslegum hætti komið að vanda tekjulægri hópa í samfélaginu. Í þriðja lagi þarf að endurskoða og íhuga breytingar á peningamálastefnu Seðlabankans þannig að vægi fjármálastöðugleika í markmiðsetningu bankans verði aukid, samhliða því sem horft verði til stöðugleika í verðlagsmálum.

Áfram þarf að vinna að undirbúningi stórframkvæmda þannig að hægt verði að ráðast í þær með skömmum fyrirvara þegar aðstæður leyfa í efnahagslífinu og hvetja þarf til almenns sparnaðar með skattalegum aðgerðum.

## Samdráttur í efnahagslífinu

Tillögur þær sem snúa að viðbrögðum hins opinbera ganga út á að ríkissjóður, í samvinnu við aðila vinnumarkaðarinnar, beiti sér fyrir sátt um aðgerðir til að draga úr verstu áhrifum efnahagskreppu

unnar, dýpt hennar og lengd. Ný þjóðarsátt verði gerð um viðspyrnu gegn verðbólgu. Endurskoða þarf forsendur fjárlaga tafarlaust, fella á brott sértæka neysluskatta s.s. álgur á eldsneyti og virðisaukaskatt á matvæli auk stimpilgjalda á íbúðarhúsnæði. Efla þarf verðlags- og verðmerkingareftirlit, Samkeppniseftirlitið og Fjármálaeftirlitið. Áfram þarf að vinna að undirbúningi stórframkvæmda þannig að hægt verði að ráðast í þær með skömmum fyrirvara þegar aðstæður leyfa í efnahagslífinu og hvetja þarf til almenns sparnaðar með skattalegum aðgerðum.

## Ríkissjóður aflögufær

Þessar tillögur geta kostað ríkissjóð allt að 18 milljarða króna þegar allt er talið en miðað við það hvernig við framsóknarmenn skildum við ríkissjóð eftir tólf ára uppbyggingarstarf ætti að vera borð fyrir báru. Verðhjöðunaráhrif þessara tillagna geta verið umtalsverð eða 3-5%.

Það er mat okkar framsóknarmanna að með samstilltu átaki megi stýra efnahagsmálum þannig að bæði almenningur og atvinnulíf standi fyrirsjáanlega erfiðleika af sér og leggjum því til skynsama, hófsama og sanngjarna þjóðarsátt þar sem horft er til raunhæfra og markvissra aðgerða.

Höfundur er formaður Framsóknarflokksins.

## Höfnum Bakkafjörühöfn

## UMRÆÐAN

Samgöngumál

Undirritaður er einn af fjölmörgum efasemdömonnum um ágæti þess að treysta á samgöngur við Vestmannaeyjar um Bakkafjör. Ekki er meiningin að gera lítið úr því að mögulegt er að byggja þar höfn sem gæti verið nothæf yfir hluta ársins, en með miklum frátöfum á öðrum tímum. Ekki ætla ég heldur að gera lítið úr vinnu þeirra „reiknistokksmanna“ er unnið hafa að hugsanlegri framkvæmd í Bakkafjöru, en tel þó að gott væri að hlusta vel á rök efasemdömonna þegar horft er til hagsmuna og framtíðar Vestmannaeyja. Það er ekki óeðlilegt að mörgum finnst hugmyndin um Bakkafjörühöfn spennandi kostur en einhvern veginn finnst mér að þar fari fremst fólk sem ekki þarf að ferðast nema þegar blíðast er og best og ræður sinni ferðaáætlun sjálf.

Ekki hefur náðst meirihluti eða vilji í bæjarstjórn Vestmannaeyja til að gefa bæjarbúum tækifæri á að tjá hug sinn í kosningum varðandi möguleika í samgöngumálum hér, þrátt fyrir undirskriftasöfnun þar að lútanda. Það er ekki of seint

að endurskoða þá ákvörðun.

Framtíð byggðar í Vestmannaeyjum byggist á góðum samgöngum. Það er krafa nútímans og framtíðarinnar, ekki einungis milli lands og Eyja heldur á öllu landinu. Þeim fjármunum sem veita á í Bakkafjörühöfn er síðasta viðkomuhöfn á Íslandi vegna siglinga flutningaskipa til Evrópuhafna bæði hjá Eimskipum og Samskipum. Það er staða sem við verðum að standa vörð um og því er nauðsyn að horfa á þróun hafnarmála í Vestmannaeyjum og samgöngur við land í samhengi. Nánast öll starfsemi sem hér er krefst góðrar hafnaraðstöðu. Möguleikar Vestmannaeyja felast í nýrri og rúmgóðri höfn er gæti tekið á móti verulega stórum skipum. Sá möguleiki er norðan við Eidi.

Undirritaður er orðinn það fullorðinn að hann man eftir því þegar Eyjamenn voru að berjast fyrir bættum samgöngum um daglegar ferðir milli lands og Eyja. Það er ekki sú staða sem ég vil sjá ungt fólk þurfa að fara að berjast fyrir á nýjan leik.

Höfundur er hafnarvörður í Vestmannaeyjum.

KRISTJÁN  
GUNNARSSON



**Komdu  
nordur!**



**Matur**



**Menning**



**Afslöppun**



**Útivist**

## Helgarævintýri á Akureyri

Akureyri býður upp á fjölbreytta möguleika fyrir þá sem vilja njóta ævintýralegrar skemmtunar í einstöku umhverfi. Jarðböðin við Mývatn og fleira stórskemmtilegt er að finna steinsnar frá.

### Nokkrar staðreyndir um ferðamannabæinn Akureyri:

- Leikhús, listasafn og fjöldi annarra skemmtilegra safna og gallería, tónleikar, viðburðir.
- Skíðaparadís, 2 sundlaugar, 3 líkamsræktastöðvar, 5 heilsulindir, skautahöll, nyrsti 18 holu golfvöllur í heimi, lystigarður, keilusalur með 8 brautum, gönguleiðir og skipulagðar gönguferðir, siglingar, reiðtúrar, óvissuferðir, Hrísey og að sjálfsgöðu Kjarnaskógur.
- 5 hótél, 12 gistiheimili, 200 orlofsíbúðir, 2 tjaldsvæði og aðrir gistimöguleikar allt um kring.
- 16 veitingastaðir, Matur úr héraði, 12 skyndibitastaðir og sjoppur, 8 kaffihús, 2 kvikmyndahús, 6 skemmtistaðir.
- Auðvelt að komast um: Frítt í strætó og frí bílastæði.
- Gott úrval ólíkra verslana.

Nánari upplýsingar á [visitakureyri.is](http://visitakureyri.is) og [nordurland.is](http://nordurland.is)

TAMMY WYNETTE KÁNTRÍSÖNG-  
KONA LÉST PENNAN DAG 1998.

„Stundum er erfitt að vera  
kona og gefa alla sína ást  
einum manni.“

Frægðarsól Tammy Wynette  
reis hæst á árunum 1966 til  
1980 en hennar frægasta lag  
er „Stand by your man“ sem  
kom út árið 1969.



PETTA GERÐIST: 6. APRÍL 1991

## Maradona rekinn vegna neyslu

Árið 1991 var argentin-  
tínska fótboldsnill-  
ingnum Diego Marad-  
ona gert að víkja úr ít-  
ölsku deildinni í fótbolta  
í fimmtán mánuði vegna  
fíkniefnamisnotkunar.  
Ferill Maradona hófst  
snemma. Hann var ekki  
nema ellefu ára þegar  
hæfileikar hans á vell-  
inum voru uppgötvað-  
ir og hann varð lykilleik-  
maður í Argentinos Juniors. Styrkur Maradona  
sem leikmanns fólst í hversu lágvaðinn hann var  
og snöggur. Fyrsta atvinnumannaleik sinn spil-  
aði hann tíu dögum fyrir sextán ára afmælið sitt.  
Eftir heimsmeistarakeppnina árið 1982 var Mar-  
adona seldur til Barcelona og talið er að hann



hafi ánetjast fíkniefn-  
um þar.  
Í heimsmeistarakeppn-  
inni 1986 sló hann  
boltann í mark Eng-  
lendinga í stað þess að  
sparka honum. Sjálfur  
sagði hann að þar hefði  
„hönd guðs“ átt hlut  
að máli.  
Heilsufar Maradona  
hefur farið hnignandi  
en hann hefur bar-  
ist árum saman við eiturlyfjafíkn og offitu. Í apríl  
2004 fékk hann alvarlegt hjartaáfall og gekk  
undir magahjúveituaðgerð ári síðar. Í maí 2007  
kom Maradona fram opinberlega og lýsti því yfir  
að hann væri hættur að drekka og hefði ekki  
notað fíkniefni í tvö og hálf ár.

### MERKISATBURÐIR:

- 1746 Tveir bátar farast úti fyrir  
Ingólfshöfða. Eftir þetta  
leggjast sjóróðrar þaðan  
niður.
- 1925 Fyrsta kvikmyndasýning í  
flugvél hjá bresku flugfé-  
lagi.
- 1944 Bandarísk herflugvél  
steypt í sjóinn út af  
Vatnsleysuströnd. Átta  
mönnum bjargað.
- 1979 Úthlutað úr kvikmynda-  
sjóði í fyrsta sinn. Hæstu  
styrki hlutu Land og synir,  
Óðal feðranna og Veiðif-  
erðin.
- 1980 „Post it“-mínismiðarnir  
koma á markaðinn.
- 1984 Ellefu manns saman-  
komnir úti í geimnum í  
fyrsta skipti.
- 1992 Hersveitir Serba hefja yfir-  
töku á Sarajevo.

# tímamót

timamot@frettabladid.is

### AFMÆLI



SVALA  
THORLACIUS  
LÖGFRÆÐING-  
UR ER 66 ÁRA.



KÁRI  
STEFÁNSSON,  
FORSTJÓRI  
ÍSLENSKRAR  
ERFDAGREIN-  
INGAR, ER 59  
ÁRA.



VIGFÚS ÞÓR  
ARNASON  
SÓKNARPREST-  
UR ER 62 ÁRA.



UNNUR ÖSP  
STEFÁNSDÓTTIR  
LEIKKONA ER 32  
ÁRA.



ÚTLÁNIÐ STÖÐUGT Inga  
Kristjánsdóttir, deildarstjóri  
á barnadeild safnsins, hefur  
starfað þar í átján ár og líkar  
alltaf jafnvel.



BÓKASAFN KÓPAVOGS: ER FIMMTÍU OG FIMM ÁRA Á ÞESSU ÁRI

## Blómlegt starf á bókasafninu

Bókasafn Kópavogs á 55 ára afmæli  
í ár en það var stofnað 15. mars 1953.  
Skáldið Jón úr Vör var fyrsti bóka-  
vörður safnsins og veitti því forstöðu  
til ársins 1976. Þá tók núverandi bæjar-  
bókavörður, Hrafn Harðarson, við  
starfinu. Safnið flutti töluvert fyrstu  
árin en árið 2002 flutti það í Safnahús  
Kópavogs í Hamraborg og deilir húsa-  
kynnum með Náttúrufræðistofu Kópa-  
vogs. „Í dag erum við með fjölnotasal  
fyrir fundi, fræðsluerindi og aðrar  
uppákomur.“ útskýrir Inga Kristjáns-  
dóttir, deildarstjóri á barnadeild. Hún  
segir safnið bjóða upp á reglulega fyr-  
irlestra um ákveðið þema hvert ár. „Í  
ár ræddum við um ástina í fimm erind-  
um vikulega í febrúar og mars. Síðan  
hefur rithringur fengið inni á safninu  
og heldur þar fundi tvisvar í mánuði.  
Einnig er starfandi bókmenntaklúbb-  
ur sem heldur úti blómlegu starfi,“  
segir Inga og nefnir líka sögustund-

ir fyrir yngstu börnin. „Barnastarfið  
hefur verið snar þáttur í starfi bóka-  
safnsins í mörg ár. Þar eru sögustund-  
ir fyrir litlu börnin fastur liður yfir  
vetrarmánuðina. Á sumrin er síðan  
lestrarhvetjandi verkefni fyrir stál-  
puð börn og safnkynningar fyrir skóla-  
börn. Síðan reynum við að fá eina til  
tvær brúðuleikisýningar á ári og fleira  
mætti tína til,“ segir Inga.  
Á aðventunni ár hvert taka bóka-  
safnið og Náttúrufræðistofa höndum  
saman um barnadagskrá. Á vorin er  
dagskráin helguð fuglum og dýrum.  
Undanfarið hefur bókasafnið boðið  
fjögurra ára leikskólabörnum á nám-  
skeið í meðferð bóka. Að námskeiði  
loknu fá börnin skirteini sem staðfesta  
að þau kunni að umgangast bækur.  
Bókasafn Kópavogs er nú deilda-  
skipt. Á fyrstu hæð er fræðsluefn-  
ið geymt og á þeirri annarri er meg-  
inefnið skáldrit, sagnfræði og landa-

fræði, myndbönd og -diskar. Einnig er  
þar forn- og dægurmenningardeild til  
húsa. „Unglingar og ungt fólk á öllum  
aldri á sérstakan stað hér á safninu. Þar  
eru til dæmis nýjustu teiknimyndasög-  
urnar í bland við íslensk fornrit og við  
köllum staðinn Heita pottinn. Á efstu  
hæð er svo barnadeildin og Listvangur,  
þar sem er að finna tónlist á geisla-  
diskum, bækur um listir og handa-  
vinnu- og fönðurbækur,“ segir Inga.  
Hún segir útlán á bókum hafa verið  
stöðugt um árin og nokkuð bundið við  
árstíðir. Hljóðbækur njóta mikilla vins-  
sælda en einnig lánar safnið út mynd-  
diska og tímarit. Hún segir bókasafnið  
vinalagan vinnustað en á safninu  
vinna milli tuttugu og þrjátíu manns.  
„Ég er búin að vinna hér í átján ár og  
kann ákaflega vel við umhverfið, sam-  
starfsfólkið og vinnuna með börnun-  
um,“ segir Inga að lokum.

heida@frettabladid.is



†  
Innilegar þakkir sendum við öllum þeim  
sem sýndu okkur hlýðug og samúð  
við andlát og útför föður míns og bróður  
okkar,  
**Steindórs Zóphóniassonar,**  
fyrrum bónda, Ásbrekku í  
Gnúpverjahreppi.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki á hjúkrunar- og  
dvalarheimilinu Kumberavogi fyrir góða umönnun.

Ingveldur Sigrún Steindórsdóttir og systkini hins látna.



†  
Hjartans þakkir færur við öllum þeim  
sem sýndu okkur samúð, hlýju og vináttu  
við andlát og útför eiginmanns míns, föður  
okkar, tengdafaður, afa og langafa,  
**Björns Sigurðsson,**  
Árskógum 6, Reykjavík.

Sérstakar þakkir til starfsfólks dagdeildar á hjúkrunar-  
arheimilinu Eir og starfsfólks Heiðarbæjar á Skógarbæ  
fyrir einstaklega góða umönnun og hlýju, Guð blessi  
ykkur öll.

Ársól Margrét Árnadóttir  
Margrét Björnsdóttir  
Sigurður Björnsdóttir  
Ólafía Björnsdóttir  
Sólveig Björnsdóttir  
barnabörn og barnabarnabörn.

Brynjúlfur Erlingsson  
Ólafur Einarsson



†  
Þökkum af albug fyrir auðsýnda samúð  
og vinarhug við andlát elskulegrar móður  
okkar, tengdamóður, ömmu og langömmu,  
**Nilsínar P. Larsen**  
Garðvangi, Garði.

Sérstakar þakkir færur við starfsfólki Garðvangs og  
Heilbrigðisstofnunar Suðurnesja fyrir hlýðug og kær-  
leiksrika umönnun.

Þórdís Ólafsdóttir  
Sigurbjörg Ólafsdóttir  
Egill Ólafsson  
Bjarni Þór Ólafsson  
Ragna Ólafs Lirot  
Ólafur Högni Ólafsson  
Sóley Ólafsdóttir  
ömmubörn, langömmubörn og fjölskyldur.

Einar S. Guðjónsson  
Jóna G. Bjarnadóttir  
Henry R. Lirot  
Gunnar Guðmundsson



†  
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og  
bróðir,  
**Gunnar Ragnar  
Sveinbjörnsson,**  
frá Kothúsum, Garði, Eyrarholti 20,  
Hafnarfirði,

lést á Landspítalanum við Hringbraut fimmtudaginn 3.  
apríl. Útförin fer fram frá Hafnarfjarðarkirkju fimmtu-  
daginn 10. apríl kl. 13.00. Blóm og kransar eru vinsam-  
legast afþakkaðir. Þeim sem vilja minnst hans er bent  
á Krabbameinsfélag Íslands.

Ágústa Sigríður Gunnarsdóttir  
Valdís Þóra Gunnarsdóttir  
Sara Lind Gunnarsdóttir  
barnabörn og systkini.

Halldór A. Þórarinnsson  
Vignir Már Guðjónsson  
Páll Þórir Jónsson



†  
Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afa og  
langafi,  
**Gísli Gunnarsson,**  
áður til heimilis að Bárustíg 4,  
Sauðárkróki,

lést á Heilbrigðisstofnun Sauðárkróks þriðjudaginn  
1. apríl. Jarðarförin fer fram frá Sauðárkróskirkju  
laugardaginn 12. apríl kl. 13.00.

Fyrir hönd aðstandenda,

Sigríður Gísladóttir  
Sveinn Gíslason  
Pálmey Gísladóttir  
Haraldur Gíslason  
barnabörn og barnabarnabörn.

Björn Ottósson  
Jónína Þorvaldsdóttir  
Rúnar Ingólfsson  
Björg Guðmundsdóttir

Opið í dag frá kl. 13 til 16

Nú áttu 200.000 kr. útborgun upp í betri bíl  
Smelltu á [www.notadir.brimborg.is](http://www.notadir.brimborg.is) og veldu þann nýja.



Komdu í kaffi og kleinur og seldu okkur drusluna fyrir betri notaðan

# Breyttu druslunni í djásn í dag

Við kaupum hvaða druslu sem er á heilar 200.000 krónur, kaupir þú betri notaðan bíl hjá Brimborg í dag. Komdu bíldrslunni í verð.

## Nú áttu útborgun upp í betri bíl

Komdu bíldrslunni í verð. Nú áttu útborgun upp í betri bíl. Það skiptir ekki máli hvaða bíl þú átt - við kaupum hann. Komdu bara með bíldrsluna og settu 200 þúsundkallinn upp í betri notaðan bíl hjá Brimborg. Bara ein bíldrsla upp í hvern betri bíl.

Nýttu nú tækifærið. Komdu í Brimborg í dag.

Druslan öðlast nýtt líf í dag

Komdu druslunni í verð í dag

Kaupum hvaða druslu sem er

200.000 krónur fyrir drusluna

  
visthæf skref  
með Brimborg

Farðu á [brimborg.is](http://brimborg.is) og þú ert kominn af stað

Alveg satt. Við kaupum hvaða bíldrslu sem er á heilar 200.000 kr. kaupir þú betri notaðan í Brimborg. Líka þá sem eru á sérstöku tilboði í dag. Um leið og þú breytir druslunni í djásn tekurðu nokkur visthæf skref. Þú hreinsar til í borg og bæjum, dregur úr mengun. Sparar eldsneyti. Og ekki síst þú eykur öryggi þitt í umferðinni á nýrri bíl.

  
brimborg

Öruggur staður til að vera á



**HÖLL ALPÝÐUNNAR Í BÚKAREST** Leiðtogafundur Atlantshafsbandalagsins var haldinn í þessari 330 þúsund fermetra byggingu, sem er næststærsta skrifstofubygging heims á eftir Pentagon í Bandaríkjunum. Höllin var reist á árunum 1983-1989 að undirlagi einræðisherrans Ceausescu sem ætlaði hana undir alla stjórnslu Rúmeníu. Í dag er þar rúmenska þingið auk þess sem þar eru haldnar fjölmennar ráðstefnur. FRÉTTABLAÐIÐ/NATÓ

# Sögulegur fundur í Búkarest

Tímamótaákvörðanir voru teknar á fundi leiðtoga Atlantshafsbandalagsríkja í Búkarest. Mikilvæg skref voru stigin í átt að stækkun bandalagsins og sammælt um að þetta raðirnar í öryggis- og endurreisnarstarfinu í Afganistan. Björn Þór Sigbjörnsson fylgdist með Búkarestfundinum.

Reyndir menn í Natófræðum segja Búkarestfundinn rata í sögubækur. Leggst þar margt á eitt.

Stór skref voru stigin í átt að enn frekari stækkun Atlantshafsbandalagsins. Þar vegur ákvörðun um aðild Albaníu og Króatíu þungt en ekki síður fyrirheitið sem gefið var Georgíu og Úkraínu um aðild í fyllingu tímans. Makedóníumenn voru svo upplýstir um að þeir geti orðið Natóþjóð, svo fremi að um semjast í nafnadeilunni við Grikk. Ófugt við leiðtoga Georgíumanna og Úkraínumanna, sem brostu breitt eftir samþykkt Natóleiðtoganna, reiddust Makedóníumenn svo mjög að þeir yfirgáfu Búkarest án þess að kveðja. Þeim finnst Grikkjum ekki koma við hvað þeir heita.

Í Höll alþýðunnar sammæltust líka fulltrúar nálega sextíu ríkja heims, auk Atlantshafsbandalagsins, Evrópusambandsins og Sameinuðu þjóðanna, að bæta og auka samstarf sitt í öryggis- og uppbyggingaraðgerðum í Afganistan.

## Merkel miðlar málum

Þessar stóru ákvörðanir, sem teknar voru í Búkarest, urðu ekki til af sjálfu sér. Að baki býr langur undirbúningur og málamiðlanir.

Jafnan liggur fyrir við upphaf stórfunda hvað verður samþykkt á endanum en á miðvikudagskvöldið var enn óvíst hvernig farið yrði með ósk Georgíu og Úkraínu um að fá að hefja formlegar aðildarviðræður. Bush Bandaríkjaforseti var helsti bandamaður Sovéltýðveldanna fyrrverandi en Angela Merkel, kanslari Þýskalands, og Sarkozy, forseti Frakklands, töldu rétt að biða. Þegar Merkel sá að málið var komið á hættulega braut tók hún til við að miðla málum. Sjálf gaf hún eftir og úr varð yfirlýsing um ótímasetta framtíðaraðild ríkjanna tveggja. Málið verður næst rætt á fundi utanríkisráðherra Natóríkja í desember.

## Pútín kom

Forseti Rússlands hafði boðað komu sína á fund Nató-Rússlandsráðsins á föstudag. Snemma á fimmtudag var enn óvíst hvort hann kæmi. Pútín er einkar illa við Natóaðildaráform nággranna sinna í Georgíu og Úkraínu en þegar ljóst var að þeim yrði ekki boðið að hefja aðildarferli lét hann ræsa þotuhreyflana í Moskvu. Þetta var í fyrsta sinn sem Pútín sækir Natófund. Um

leið var þetta í síðasta sinn sem Bush sækir slíkan fund. Hann mun láta af embætti í janúar á næsta ári, nokkrum mánuðum áður en sextíu ára afmælis Nató verður minnst og fagnað í Strassborg og Kiel.

## Skrúfað fyrir bjórdælurnar

Lífið í miðborg Búkarest var með öðrum blæ en vanalega þá daga sem Natófundurinn stóð. Öryggisgæslan var gríðarleg og gangandi vegfarendur krafðir um skilríki ef einhverjum af þeim 35 þúsund lögreglumönnum, hermönnum og öryggisvörðum sem gættu öryggis gestanna, sýndist svo. Varsla var á hverju götuhorni og almenn umferð stöðvuð ef fundarmenn þurftu að komast leiðar sinnar. Til að lágmarka hættu á hvers kyns vandræðum var áfengissala á krám og matsölustöðum bönnuð á meðan á fundinum stóð. Rúmenum fannst mikið á sig leggjandi til að láta fundinn ganga sem best enda kostaði fundahaldið þá á fjórða milljarð króna.

Búkarestfundurinn gekk vel og á honum voru teknar margháttaðar ákvörðanir um innri og ytri mál Atlantshafsbandalagsins. Fyrir það verður hans minnst.

Einhverjir Íslendingar munu svo sjálf-sagt minnast hans fyrir þær sakir að íslensku ráðherrarnir flugu til Búkarest í leiguflugvél.



**STINGA SAMAN NEFJUM** Ingibjörg Sólrún ræddi stuttlega við Bernard Kouchner, utanríkisráðherra Frakklands. FRÉTTABLAÐIÐ/NATÓ

## Samtöl utan dagskrár

Eins og Geir H. Haarde lýsir hér að neðan fara ekki aðeins fram formlegir fundir á leiðtogafundum Atlantshafsbandalagsins heldur nota ráðamenn tækifærið og ræðast við einselega um margvísleg mál-efni.

Geir spjallaði meðal annars við starfsbræður sína frá Ástralíu, Nýja-Sjálandi og Aserbaidsjan og Ingibjörg Sólrún talaði til dæmis við utanríkisráðherra Frakklands, Spánar og Póllands. Slík einkasamtöl geta

ýmist snúist um tiltekin málefni eða verið almennt kurteisisspjall. Í samræðum Ingibjargar við franska og spænska starfsbræður hennar var talað um hugsanlegar heimsóknir þeirra til Íslands en þeir höfðu áður lýst áhuga á að koma.

## Forsendur aðstoðar stundum rangar

„Það var bæði rætt um það sem vel hefur tekist til og það sem upp á vantar,“ sagði Ingibjörg Sólrún Gísladóttir eftir umræður Búkarestfundarins um aðgerðina í Afganistan.

Að sögn Ingibjargar Sólrúnar var þrennt dregið fram sem betur má fara. Í fyrsta lagi spilling í stjórnkerfi Afganistans sem gerð er krafa um að Afganar takist á við. Í öðru lagi skortur á samhæfingu alþjóðaliðsins og í þriðja lagi skortur á tengslum milli alþjóðasamfélagsins, stjórnvalda í Afganistan og almennings í Afganistan.

Hún segir mikilvægt að miða alla aðstoð við þarfir Afganistans. „Stundum miðast aðstoðin meira við pólitíska hagsmuni ríkjanna heldur en hagsmuni fólksins í Afganistan. Þetta var rætt opinskátt og gerðar kröfur um að ákveðnum hlutum verði kippt í lag.“

Ingibjörg segir að vissulega hafi orðið framfarir í landinu hrjáða en öryggismálin séu erfðust því árástir af hálfu talibana hafi fæst í aukana, líft og þær geri gjarnan á vorin. „Það eykur á vanda manna við að verja heima fyrir veru sína í



**INGIBJÖRG SÓLRÚN GÍSLADÓTTIR**

Afganistan. Bush sagði, þegar hann ávarpaði Karzai forseta Afganistans, þá sem þarna sátu hafa margir hverjir þurft að

taka mikla pólitíska áhættu með því að halda því fram að það væri á sig leggjandi að vera í Afganistan og sagði Karzai „þurfa að hlusta á það sem þetta fólk hefði að segja og taka tillit til þess sem það hefur fram að færa“.

Í Búkarest tilkynntu Frakkar, Danir, Þjóðverjar og Evrópusambandið aukinn stuðning við aðgerðirnar í Afganistan. Ingibjörg Sólrún upplýsti að þriggja ára áætlun um þátttöku í verkefnum væri í smíðum.

## Natóaðild ríkja á Balkanskaga mikilvæg

Geir H. Haarde forsætisráðherra fagnar aðild Albaníu og Króatíu að Atlantshafsbandalaginu og segir hana mikilvæga fyrir stöðugleika á Balkanskaga. „Það er alveg ljóst að eftir því sem fyrrverandi Júgóslavíulýðveldum í Nató fjölga þeim mun betra er það fyrir þetta svæði,“ sagði Geir eftir Búkarestfundinn á föstudag.

Hann lýsti sérstakri ánægju með umbæturnar í Albaníu enda

var ríkið eins konar Norður-Kórea Evrópu lengst af síðari hluta 20. aldarinnar.

Á síðustu árum hefur komið fram ný kynslóð forystumanna í gömlu Varsjárbandalagsríkjunum. Vel menntað og víðsýnt fólk hefur haslað sér völl í stjórnáunum. „Þetta er fólk sem er upptekið af þessum breytingum og lýðræðisþróun og vill draga fleiri með sér.“

Um samskipti Rússlands og

Atlantshafsbandalagsins sagði Geir ljóst að Rússar teldu Nató þrengja að sér með opnun bandalagsins til austurs. Slíkt væri hins vegar misskilningur af þeirra hálfu. „Það stafar engin ógn af Atlantshafsbandalaginu, inn-ganga ríkja í Nató beinist ekki gegn neinum, hvorki Rússum né öðrum. Menn vilja komast í samfélag lýðræðisþjóða og friðelskandi landa og telja að þeir séu með því að tryggja sér framtíðar-

öryggi.“ Geir benti á að sögulegar skýringar lægju að baki þessari afstöðu; margt fólk hefði alist upp við þá hugsun að Nató beindist gegn því. „Rússarnir eru stoltir og þeir skynja breytta stöðu. Það er mikilvægt að vera ekkert að ögra þeim að óþörfu,“ sagði hann.

Að mati Geirs eru það ekki bara formlegar viðræður og ræðuhöld sem skipta máli á leiðtogafundum Nató. Þar gefist mikilvæg tækifæri fyrir óformleg samtöl þar



**GEIR H. HAARDE**

sem til verða tengsl sem geta komið sér vel síðar.



# MARKÁÆTLUN Á SVIÐI VÍSINDA OG TÆKNI 2009 TIL 2015

## Auglýst er eftir hugmyndum að öndvegissetrum og rannsóknaklössum

Í ályktun Vísinda- og tækniráðs frá desember 2007 er bent á svið þar sem Íslendingar hafa burði til að ná sérstökum árangri á alþjóðlegum vettvangi og þar sem starfsemi fyrirtækja, háskóla, rannsóknastofnana, opinberra aðila og einstakra þjóðfélagshópa getur fléttast saman og skilað þjóðinni enn meiri ávinningi. Nú er auglýst eftir hugmyndum að öndvegissetrum eða rannsóknaklössum á þessum sviðum.

Markmiðið er að efla vísinda- og tæknirannsóknir, hvetja til árangursríkrar samvinnu milli ólíkra aðila innanlands og í alþjóðlegu samhengi og ýta undir verðmætasköpun og fjárfestingu í rannsóknum og nýsköpun í atvinnulífinu. Rannsóknaklasinn eða öndvegissetrið á að hafa möguleika til að verða framúrskarandi í alþjóðlegu samhengi.

### Vísinda- og tækniráð sér sérstök tækifæri í að:

- efla rannsóknir á menntun og kennslu til að þróa menntakerfið svo að það standi betur undir sívaxandi kröfum um þekkingu, virkni, sköpunarkraft, frumkvæði og sveigjanleika
- gera nýsköpunarstarfsemi að álitlegum fjárfestingarkosti og hvetja innlenda og erlenda fjárfesta og samkeppnissjóði til að veita sprota- og nýsköpunarfyrirtækjum öflugan stuðning
- efla rannsóknir á íslenskum menningararfi, handrita- og bókmenningu, tungu og samtímamenningu samhliða þeirri áherslu sem nú er lögð á útrás og alþjóðlega ímynd landsins
- efla rannsóknir sem beinast að árangursríkum forvörnum og heilsueflingu, bættri heilsuvernd, endurhæfingu og nýjungum í heilbrigðisþjónustu, lyfjatækni og þróun matvæla
- efla rannsóknir á auðlindum lands og sjávar og hvernig nýta megi náttúrulegar auðlindir betur með sjálfbærum hætti
- efla rannsóknir á líklegum og afdrifaríkum breytingum loftslags, láðs og lagar með öflugri þátttöku atvinnulífsins og fræðimanna úr fjölmörgum greinum
- efla rannsóknir sem snúa að innviðum íslensks samfélags, sérstöðu þess og séreinkennum
- efla skapandi greinar þar sem nýsköpun, öflug upplýsingatækni, menningarstarfsemi, afþreying og fjárfestar mætast og ný starfsemi vex fram

Íslensku vísinda- og tæknisamfélagi er boðið að leggja fram hugmyndir að öndvegissetrum eða rannsóknaklössum sem taka mið af þeim áherslum sem koma fram í ályktun ráðsins og vinna að þeim tækifærum sem koma fram hér að ofan. Allt að 10 hugmyndir fá 1.000.000 kr. styrk til frekari þróunar og verður höfundum þeirra boðið að senda inn fullbúna umsókn í október 2008.

Í boði eru tveir til fjórir styrkir til rannsóknar- og nýsköpunarsamstarfs frá og með árinu 2009. Hámarksstyrkfjárhæð er 80 milljónir á ári til allt að sjö ára.

### Frestur til að skila hugmyndum rennur út þriðjudaginn 13. maí klukkan 16:00.

Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu Rannís ([www.rannis.is](http://www.rannis.is)) og á heimasíðu Vísinda- og tækniráðs ([www.vt.is](http://www.vt.is)).



**RANNÍS**

Rannsóknamiðstöð Íslands, Laugavegi 13, 101 Reykjavík, [www.rannis.is](http://www.rannis.is)



apríl 2008  
**Sport**  
[ SÉRBLAÐ FRÉTTAÐSINS UM ÍPRÓTTIR ]

# KYNÞOKKAFULL




HORNAMENNIRNIR **BALDVIN ÞORSTEINSSON** ÚR VAL OG FRAMSTÚLKAN **MARTHE SÖRDAL** ERU KYNÞOKKAFYLLSTU HANDBOLTAMENN LANDSINS

**FORDÓMAR LEIDDU TIL HANDTÖKU BRASSARNIR Í ÞRÓTTI SEGJA FRÁ HANDTÖKU SINNI Á VEGAMÓTUM**

**ÆTLAR AÐ VERÐA BETRI EN LOGI GEIRS ARON PÁLMARSSON ER NÝJASTA STJARNAN SEM KEMUR FRÁ FH**

**FALINN RISI Í HVERAGERÐI HINN 17 ÁRA KÖRFUBOLTAMAÐUR RAGNAR NATHANAELSSON ER 2,16 METRAR Á**



# Úrslitakeppni eða ekki úrslitakeppni?



FRÁ RITSTJÓRA  
Henry Birgir Gunnarsson



Úrslitakeppni í handbolta-  
num er engin töfra-  
lausn í dag. Það þarf  
margt að lagast hjá  
hreyfingunni áður  
en úrslitakeppni  
í handbolta-  
num skilar álíka  
stemningu og er í  
úrslitakeppninni í  
körfunni.

G læsileg og stórskemmtileg úrslitakeppni í Iceland Express-deildinni er í fullum gangi þessa dagana. Úrslitakeppnin í körfunni veur óskipta athygli á ári hverju og það ekki að ástæðulausu.

Frábær umgjörð, mikil stemning og síðast en ekki síst magnaður körfubolti. Það er vel við hæfi að óska KKÍ til hamingju með að hafa komið körfuboltanum hér heima á þann stall sem hann er nú kominn á. Menn mega ekki gleyma að það gerðist ekki þrautalaust.

Körfuboltahefingun hefur ræktað garð sinn vel síðustu ár og ekki síst félögin sem hafa verið að stórbæta umgjörðina ár frá ári. Það hefur margt sýnt sig að slík vinna skilar sér í betri aðsókn.

Á sama tíma grætur ákveðinn hópur handboltaunnenda yfir því að ekki sé úrslitakeppni lengur í handbolta-  
num. Skilur ekki hvernig hægt sé að sleppa slíkum stórvörðum sem skili sér í fullu húsi trekk í trekk. Þetta sama fólk virðist ekki búa yfir neinu langtímaminni. Sú ákvörðun að leggja úrslitakeppnina af var ekki tekin af góðu. Ákvörðunin var lífsnauðsynleg til þess að bjarga íþróttinni hér á landi. Aðsóknin á deildarleiki var orðin sama sem engin og úrslitakeppnin var hætt að trekkja að fólk. Áhorfendur voru ekkert að mæta í sama mæli á úrslitakeppnina og áður. Það er staðreynd. Deildin var að deyja drottinn sínum. Fólk vissi ekki hvenær leikir væru, aðgengi að upplýsingum á netinu sama og ekkert, engir fastir leikdagar og leiktímar í tómu rugli.

Þessir hlutir ásamt mörgum öðrum stuðluðu að því að fólk var hætt að mæta á handboltaleiki. Úrslitakeppnin virtist einnig fara fram hjá fólk. Þegar svo var við komið varð hreyfingin að segja stöpp og byrja upp á nýtt. Ekki bara til þess að vekja aftur áhuga fólks á deildinni heldur einnig til þess að fjölga samkeppnishæfum liðum sem var ekkert að ganga miðað við það kerfi sem lagt var af.

HSÍ ákvað einnig að auka kröfur til liðanna en varða umgjörð en umgjörð félaga er grunnurinn að árangri á þessu sviði. Ef enginn er grunnurinn er ekkert til þess að byggja á. Handboltaáhugamenn verða að vera raunæfir og þolinmóðir. Það mun taka tíma að byggja deildina aftur upp hér á landi. Róm var ekki byggð á einum degi.

Undirritaður hefur tekið eftir því að þessar breytingar sem gerðar hafa verið á umgjörð og leikfyrirkomulagi eru smám saman að skila sér. Það er fleira fólk að koma á leikina og umgjörð er öll önnur á flestum stöðum en hún var. Þegar búið er að styrkja grunn deildarinnar almennilega er fyrst hægt að íhuga þann möguleika að taka aftur upp úrslitakeppni. Handboltahefingun má alls ekki sofa á verðinum næstu tímabil. Hún verður að halda því góða starfi sem byrjaði í vetur áfram og bæta um betur á mörgum sviðum.

Úrslitakeppni er engin töfralausn í dag eins og margir halda. Það sást skýrt síðast þegar það var úrslitakeppni í handbolta-  
num. Fólk mætti einfaldlega ekki og stemningin var langt frá því að vera álíka góð og í körfuboltanum í dag. Ástæðan er að karfan hefur ræktað sinn garð betur síðustu ár.

## Sport

Útgefandi: 365.

Ritstjóri: Henry Birgir Gunnarsson  
henry@frettabladid.is

Bládamenn: Óskar Ófeigur Jónsson  
ooj@frettabladid.is, Ómar Þorgeirsson  
omar@frettabladid.is

Útlitshönnun: Kristín Agnarsdóttir  
kristina@frettabladid.is

Auglýsingar: Stefán P. Jones,  
spj@frettabladid.is

Forsíðumyndina tók Valli af Marthe Sördal og Baldvin Þorsteinssyni.

Triumph sundbolir og bikini í úrvali.  
Stærðir frá 38 – 50 og skálastærðir B, C og D.  
Útsöluastaðir: Musik og Sport, Nana Hólagarði



Hamraborg 7, 200 Kópavogur, sími: 564 0035  
gengið inn frá Hamrabrekkunni. [www.aquasport.is](http://www.aquasport.is)



## LOGI KENNIR MÉR AÐ

### » TALA VIÐ DÖMURNAR «

Miklar vonir eru bundnar við hinn 17 ára gamla Aron Pálmarsson. Hann hefur farið á kostum með FH í vetur og sá til þess að FH vann 1. deildina. Hann er fyrsta stjarnan sem kemur frá FH síðan Logi Geirsson gerði garðinn frægan í Krikanum. Aron er að mörgu leyti líkur Loga sem er góðvinur FH-ingsins unga.

EFTIR HENRY BIRGI GUNNARSSON

Aron Pálmarsson er af flestum handboltaspekingum talinn eitt mesta efni sem fram hefur komið í handbolta-  
num lengi. Aron, sem er aðeins 17 ára, er aðalmaðurinn í FH-liðinu sem er að vinna 1. deildina. Hann er einnig lykilmáður í U-20 ára landsliði Íslands og var markahæstur í liðinu í undankeppni HM sem fram fór í Þýskalandi á dögunum.

Strákurinn fór í kjölfarið til reynslu hjá þýska stórliðinu Lemgo þar sem góðvinur Arons og fyrirmynd, Logi Geirsson, spilar. Þeim er oft líkt saman enda báðir stjórnur hjá FH og svo vinnur Aron sem húsvörður í Kaplakrika líkt og Logi gerði á sínum tíma.

„Það má segja að við séum að lifa svipuðu lífi. Ég er líka kominn með annan fótinn til Lemgo líkt og Logi var á sínum tíma. Við Logi erum góðir vinir. Hann er algjör toppmaður sem ég hef lítið upp til síðan ég var lítil gutti. Hann og pabbi eru fyrirmyndir mínar. Hann hefur kennt mér margt bæði á velli og utan hans. Við höfum tekið aukaæfingar saman og annað álíka. Hann gefur líka góð ráð utan valla. Hvernig á að klæða sig, greiða sér og fleira. Einnig kennir hann mér að tala við dómurnar. Hann er á heimavelli þar enda gefast ráð hans vel. Ef ég læt hann skrifa fyrir mig á MSN er ég kominn með stefnumót daginn eftir,“ sagði Aron létur en hann á ekki langt að sækja íþróttahæfileikana en faðir hans er Pálmar Sigurðsson, einn besti körfuknattleiksmaður sem Ísland hefur átt.

„Logi hefur alltaf verið mikill krakki í sér og því urðum við vinir þegar ég var 11 ára. Þá er hann svona 18 og kom með okkur strákunum í handbolta. Það var æðislegt. Við unnum alltaf enda með Loga Geirs í liði en hann stóð í markinu hjá okkur. Ekki hægt að skora hjá honum,“ sagði Aron en hann segir ýmislegt líkt með þeim sem leikmönnum. Báðir hafi mikið sjálfstraust, vilji taka

úrslitaskotið og hafi mikla skot-tækni.

Eins og áður segir var Aron hjá Lemgo á dögunum en það segir hann hafa verið góða reynslu.

„Það gekk mjög vel og það var svakalega gaman að æfa með þessum strákum. Ég var þínu stressaður á fyrstu æfingunni. Það var talsvert annað að sjá Mimi Kraus og Lasse Boesen í kringum sig en Arnar Theodórs og Val Arnars. Það komu allir vel fram við mig. Lars Kaufmann fór reyndar framan í mig strax í fyrstu sókn en það er bara af því að hann er svo slakur og seinn,“ sagði Aron og hló dátt. „Þeim líst vel á mig og þeir vildu fá mig næsta sumar fyrir skit og kanil. Ég var ekki til í það. Þeir ætla að fylgjast vel með mér og við sjáum hvað setur,“ sagði Aron sem ætlar að spila með FH næsta vetur.

„Ég ætla að spila að minnsta kosti eitt ár í efstu deild áður en ég fer út. Ég hef skýr markmið fyrir næsta vetur. Að slá í gegn í sjálfum mér og tel þessi markmið ekkert óraunhæf,“ sagði Aron en hann telur sig ekki tilbúinn í atvinnu-mennsku af mörgum ástæðum.

„Ég er náttúrulega bara 17 ára og ekki alveg til í að búa einn. Ég er samt góður kokkur og get vel eldað ofan í mig. Verð samt að játa að ég kann ekki á þvottavél. Ég vil heldur ekki vera varaskeifa úti. Vil toppa hér heima þannig að ég verði keyptur í lið til þess að spila.“

## ÉG ER

**Aron Pálmarsson**

Fæddur: 19. júlí 1990.

Hæð: 1,92 m.

Þyngd: 90 kg.

Staða: Miðju-  
maður.

Fyrirmynd:  
Pálmar Sigurðsson og Logi Geirsson.

Helsti styrkleiki: Góður leik-  
skilningur og góð skot.

Helsti veikleiki: Að mæta  
ekki 100 prósent í alla leiki.  
Parf að vera einbeittari.

Draumafélagið: Barcelona.

Besti leikmaður heims:  
Ivano Balic, Nikola Karabatic  
og Logi Geirsson.

Hvernig er gilið hans Loga:  
Ótrúlegt efni. Það besta  
sem ég hef sett í hárið á  
mér.

## HVAÐ SEGIR ELVAR UM ARON?

„Aron er okkar prímusmótor og við byggjum liðið í kringum hann. Aron hefur mikla íþróttagreind og les leikinn afburðavel. Hann sér hluti sem aðrir sjá ekki á skömmum tíma. Hann er einnig frábær varnarmaður. Hann var einnig góður í körfubolta og allar íþróttir liggja vel fyrir honum. Aron er líka duglegur að æfa og leggur hart að sér. Heilt yfir er hann heilsteypur leikmaður og

þroskaður miðað við aldur. Hann stendur undir öllum væntingum og rúmlega það,“ sagði Elvar Erlingsson, þjálfari FH, um lærsvein sinn, Aron Pálmarsson, sem hefur farið á kostum með FH-liðinu hans Elvars í vetur.

„Aron vill taka af skarið og gerir hlutina þegar þarf. Hann þrífst



á því og er til í að taka ábyrgð. Hausinn er rétt skrúfaður á strákinn. Enginn gorgear og ekkert kjaftæði. Hann setur sig ekki á háan hest gagnvart öðrum. Ber virðingu fyrir félögum sínum og öfugt. Það er ekki spurning hvort heldur hvenær hann fer í atvinnu-mennsku.“



*Höfuð,  
herðar ...*

HVITA HÚSÍÐ / SIA - 9025 - Actavis 802040

## Íbúfen®

– Bólqueyðandi og verkjastillandi

**Notkunarsvið:** Íbúfen inniheldur íbúprófen sem er bólqueyðandi, verkjastillandi og hitalækkandi lyf. Íbúfen er notað við liðagigt, slitgigt, tíðaverkjum, tannpínu og höfuðverk. Einnig eftir minniháttar aðgerðir, t.d. tanndrátt. **Varúðarreglur:** Fólk sem hefur ofnæmi fyrir íbúprófeni eða öðrum skyldum lyfjum (NSAID), með skerta lifrarstarfsemi eða alvarlegan hjarta- og nýrnasjúkdóm ætti ekki að nota lyfið. Fólk sem hefur fengið astma, nefslímubólgu eða ofsakláða eftir töku acetylsalicylsýru eða annarra bólqueyðandi lyfja ætti ekki að nota lyfið. Nota skal lyfið með varúð hjá fólki með tilhneigingu til magasárs eða sögu um slík sár. Lyfið er ekki ætlað barnshafandi konum. **Aukaverkanir:** Íbúfen getur valdið aukaverkunum eins og t.d. meltingarópægindum, niðurgangi, ógleði, útbrotum, þreytu og höfuðverk. **Skammtastærðir:** Fullorðnir: Venjulegir skammtar eru 600-2000 mg á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Ekki mælt með stærri skammti en 2400 mg. Börn: Venjulegir skammtar eru 20 mg/kg líkamspunga á dag í 3-4 jöfnum skömmtum. Börnum <30 kg skal eigi gefa meira en 500 mg á dag. Lesið vel leiðbeiningar sem fylgja lyfinu. Júlí 2004.



 **actavis**  
hagur í heilsu

**SAMBASTRÁKAR**  
Þeim Biro og Ismael var  
býsna kalt á sólar-  
ströndinni í Naut-  
hólsvík en brostu líkt  
og venjulega. MYND/STEFAN



## » ÉG ER Carlos Alex Bernal

Aldur: 24 ára  
Hæð: 1,72 metrar  
Fyrirmynd í boltanum: Zico

Uppáhaldsleikmaður: Alex í  
Fenerbahce  
Mesti ókostur við Ísland?  
Tungumálið

Uppáhaldsmatur: Lasagna

## » ÉG ER Ismael da Silva Francisco

Aldur: 23 ára  
Hæð: 1,90 metrar  
Fyrirmynd í boltanum:  
Romario

Uppáhaldsleikmaður: Didier  
Drogba hjá Chelsea  
Mesti ókostur við Ísland:  
Tungumálið er allt of flókið

Uppáhaldsmatur: Rifjasteik  
með hrísgrjónum

# ÞRÓTTARAR Í ÞRENGINGUM OG GLEÐI

Ýmislegt hefur gengið á hjá Brasilíumönnum Ismael da Silva Francisco og Carlos Alexandre Bernal síðan þeir gengu til liðs við Þrótt. Þeir voru meðal annars leiddir í handjárnnum á lögreglustöð ranglega sakaðir um að hafa sett lyf í vínglós kvenna á skemmtistað í miðbænum. Eftir það var þeim skapi næst að halda heim en þeim snerist hugur og munu spila hér á landi í sumar.

EFTIR JÓN SIGURÐ EYJÓLFSSON

Það var fimmtán stiga gaddur sem tók á móti þeim félögum þegar þeir stigu út úr flugvélinni í febrúar síðastliðnum. „Ég var nokkuð lengi að venjast þessum kulda,“ segir Bernal sem jafnan er kallaður Biro. „Fyrstu tvær vikurnar átti ég í verulegum vandræðum með þetta en nú kippi ég mér ekkert upp við það þó að kuldi bíti kinn.“ Ismael hafði hins vegar fengið nokkra aðlögun áður en hann komst í þessar aðstæður. „Ég hef verið í Sviss og þar er líka afar kalt svo ég tók þessu með stólskri ró,“ segir hann. Þeir segjast báðir vera á góðri leið með að aðlagast landi og þjóð þótt tungumálið reynist þeim erfiður ljár í þúfu. „Þetta er nú meira tungumálið,“ segir Ismael og brosir við. En þeir þurfa einnig að aðlagast íslenskri knattspyrnu sem er ekki á alla lund eins og þeir eiga að venjast í Brasilíu. „Hér er þjarmað meira að mönnum,“ segir Biro. „Það reynir mun meira á líkamlegan styrk hér. Í Brasilíu hafa menn meira svigrúm með boltann.“ Ismael hefur fengið sína aðlögun einnig hvað þetta varðar. „Það er ekkert mál að aðlagast knattspyrnunni hér. Í Portúgal, þar sem ég hef leikið, eru menn heldur ekki teknir neinum vettlingatökum svo þetta eru engin viðbrigði fyrir mig.“

En hvernig stendur á því að þeir félagar sem eru fæddir í Mekka fótoltans ákváðu að koma hingað að sparka tuðru í norðangarrannum? „Tilboðið frá Þrótti var betra en annarra liða svo ég bara ákvað að kýla á það,“ segir Biro og Ismael segir það sama hafa verið uppi á teningnum hjá honum. Biro sleit takkaskónum hjá Santos

FC í São Paulo en eins og flestir vita gerði Pelé garðinn frægan með sama liði. En liðið var líka stjörnum prýtt þegar Biro lék með því frá unga aldri til ársins 1999. „Ég lék þarna með Robinho en við vorum einnig saman í skóla í tvö ár og vorum því ágætis kunningjar,“ segir hann. „Þótt hann sé stórstirni er þetta ósköp venjulegur maður; hress og skemmtilegur. Ég hef reyndar haft lítið af honum að segja í seinni tíð en við höfum ekkert verið í sambandi frá því hann fór til Real Madrid.“ Í spænska konungslíðinu atarna leikur svo einn fyrrverandi samherji Ismaels en það er varnarmaðurinn Pepe sem nú hefur tekið sér portúgalskt ríkisfang en var landi Ismaels þegar þeir léku saman með Marítimo í Portúgal. Ismael var einnig samherji Rafael Sobis í liðinu Internacional í Brasilíu. Sóknarmaðurinn sá leikur nú með Real Betis á Spáni og hefur hann nokkrum sinnum klæðst landsliðsbúningi Brasilíu.

En þeir Ismael og Biro hafa sótt að sama marki áður en þeir klæddust Þróttarreyjunni því þeir voru samherjar hjá brasilíska liðinu Londrina á árunum 2004 til 2006.

### KYNÞÁTTAFORDÓMAR AF VERSTU SORT

Skömmu eftir komuna til Íslands gerðu tvímenningarnir sér glaðan dag á veitingastaðnum Vegamótum ásamt samherjum sínum í Þrótti. „Við skemmtum okkur hið besta en urðum þó óþægilega varir við það að dyravörður fylgdist grannnt með okkur og vissum við ekki hverju það sætti,“ segir Ismael. Þeir félagar ákváðu síðar að bregða undir sig betri fætinum

á Vegamótum en þá kárnaði gamanið. „Það var mikil biðröð fyrir utan,“ rifjar Biro upp. „Þar rennur svo dyravörður að okkur og spyr um vegabréf og þegar inn var komið fundum við að fylgst var grannnt með okkur. Síðan erum við sakaðir um að vera að setja einhverja ólyfjan í glös hjá stúlkunum en það var alveg úr lausu lofti gripið. Það fer þó svo að lögreglan er kölluð á svæðið og við erum leiddir á lögreglustöð í handjárnnum þar sem við fengum að dúsa í fangaklefa eins og glæpamenn í tvær klukkustundir.“ Eins og alþjóð veit hefur það komið fyrir í Reykjavík að menn hafa sett ólyfjan í glös hjá konum með það fyrir augum að nauðga þeim þegar ástand stúlkanna leyfir engar varnir. Málið var því lítið grafalvarlegum augum. Fjallad var um málið í fjölmiðlum en síðar fékkst staðfest að ekkert var til í þessum ásökunum.

Nú verður Ismael mikið niðri fyrir. „Við höfðum ekkert af okkur

gert annað en að vera af öðrum kynþætti og þjóðerni en dyraverðirnir sem var ekki hlýtt til okkar af þeim sökum. Þetta eru kynþáttafordómar af verstu sort.“

### KOM FYRIR FÓTBOLTANN, EKKI STELPURNAR

Það blés því ekki byrlega hjá þeim félögum sem flust höfðu frá Brasilíu og Portúgal til fjarlægjar eyju í Norður-Atlantshafi þar sem þeir fengu svo að dúsa handjárnadír í fangaklefa. „Það fyrsta sem kom upp í hugann var að pakka saman og halda rակleidis heim,“ segir Ismael. „En þegar mesta bræðin rann af mér hugsaði ég til þess að héðan fæ ég tekjurnar og það eru fleiri en ég sem treysta á þær því ég sendi fjölskyldu minni í Brasilíu hluta af þeim.“

En þó að veröldin virtist hrúin eitt augnablik lögðu þeir tvímenningar ekki árar í bát og unu þeir nú hag sínum nú hið besta. „Ég lifi hér þægilegu og góðu lífi, hef fengið bíl og allt,“ segir hann og

hringlar lykklakippunni með bíllyklinum.


En þótt samskipti þeirra við kvenþjóðina hér á landi séu ekki með þeim hætti sem þeir voru sakaðir um á Vegamótum hljóta þau að vera einhver, eða hvað? „Íslenskar konur eru fallegar en ég er hingað kominn til að spila fótbolta svo ég er ekki að gleyma mér yfir þeim,“ segir Biro. Ismael á hins vegar kærustu í Brasilíu sem reyndar var á landinu þegar viðtalið fór fram svo það mál þurfti ekki að ræða frekar.

Þeir segjast einnig vanir miklum aga hvað skemmtanalíf varðar. „Í Portúgal var ekkert útstáelsi leyft á keppnistímabilinu,“ segir Ismael. „Menn gátu kannski fengið sér björglas eftir leik en að öðru leyti urðu menn að sitja á strák sínum.“

Það er því ljóst að þeir félagar munu mæta einbeittir til leiks enda segjast þeir staðráðnir í að gefa Þrótti allan sinn þrótt í sumar.

## KRYDDA UPP Á LEIK OKKAR

„Mér líst mjög vel á þessa stráka og ég held að þeir eigi bara eftir að vera skarpari með tímanum. Þeir eru með fína knattspyrnugetu en komu náttúrulega bara beint á klakann og voru þannig séð mállausir í þokkabót þar sem þeir töluðu bara portúgölsku en eru nú búnir að vera í bæði íslensku- og enskukennslu. Þeir eru því að aðlagast vel og eru kátir og sprækir en það verður auðveldara fyrir þá þegar tungumálaöðrgleikarnir verða úr sögunni,“ sagði Gunnar Oddsson, þjálfari Þróttar.



„Carlos Alexandre Bernal eða Biro er lágvaxinn og leikinn leikmaður sem getur spilað í flestum stöðum á vellinum. Við höfum verið að nota hann í bakverðinum þar sem hann virðist njóta sína mjög vel og tekur að síð brasilíska leikmanna virkan þátt í sóknarleiknum. Ismael da Silva Francisco spilar sem framherji og er tæplega 190 sm á hæð og 85 kíló þannig að það eru fáir líkamlega sterkari en hann í Landsbankadeildinni. Þeir eiga örugglega eftir að krydda leik okkar,“ sagði Gunnar að lokum.

Ofurléttir **Nike**  
Mercurial Vapor takkaskór

C. Ronaldo



[nikefootball.com](http://nikefootball.com)

# TUGURINN

Tíu næstu menn til að komast á listann yfir 20 bestu knattspyrnumenn Íslands frá 1946-2008:

## BJARNI SIGURÐSSON



Varði mark Skagamanna þegar liðið varð tvöfaldur meistari tvö ár í röð frá 1983 og 1984. Varð tvisvar sinnum bikarmeistari þrjú ár í röð, fyrst 1982-84 með ÍA og svo 1990-92 með Val.

## GUÐMUNDUR STEINSSON

Annar af aðeins tveimur leikmönnum sem hafa skorað 100 mörk í efstu deild. Varð fjórum sinnum Íslandsmeistari og skoraði sex sinnum yfir tíu mörk á átta ára tímabili frá 1984 til 1991.

## GUÐMUNDUR ÞORBJÖRNSSON

Er þriðji markahæsti leikmaður Vals frá upphafi þrátt fyrir að leika sem miðjumaður. Varð fjórum sinnum Íslandsmeistari og kláraði ferilinn sem atvinnumaður í Sviss.



## KARL ÞÓRÐARSON

Einn skemmtilegasti vængmaður Íslands frá upphafi. Varð fimm sinnum Íslandsmeistari með Skagamönnum og það liðu 20 ár milli þess fyrsta 1974 og þess síðasta 1994.

## MATTHÍAS HALLGRÍMSSON

Einn mesti markahrókur Íslands frá upphafi og sá eini sem hefur skorað yfir 90 mörk í efstu deild og yfir tíu mörk með A-landsliðinu.

## ÓLAFUR ÞÓRÐARSON

Líklega baráttuglaðasti leikmaður sem Ísland hefur eignast. Vann sjö Íslandsmeistararitla og fimm bikarmeistararitla með Skagamönnum og spilaði 72 landsleiki.



## RAGNAR MARGEIRSSON

Einn hæfileikaríkasti framherji sem Ísland hefur eignast. Skoraði 83 mörk í efstu deild fyrir Keflavík, Fram og KR en tókst aldrei að verða Íslandsmeistari.

## SIGURÐUR DAGSSON

Er þekktastur fyrir að halda hreinu á móti Eusebio og liði Benfica fyrir framan 18 þúsund manns á Evrópuleik á Laugardalsvelli.

## SÆVAR JÓNSSON

Einn traustasti varnarmaður



Íslands frá upphafi. Spilaði 201 leik á ferlinum, alla fyrir Val, og varð fjórum sinnum Íslandsmeistari með Val.

## ÞÓRÐUR ÞÓRÐARSON

Lýkilmaður í fyrsta gullaldarliði Skagamanna, skoraði 103 mörk í 139 leikjum með Skagamönnum, varð fjórum sinnum markakóngur deildarinnar og sex sinnum Íslandsmeistari.

# RISINN ÚR HVERAGERÐI

Hinn 17 ára Ragnar Nathanaelsson spilaði sína fyrstu leiki í úrvalsdeild í vetur og varð um leið hæsti leikmaður Iceland Express-deildarinnar. Hann nálgast óðum Pétur Guðmundsson og er enn að stækka. Pétur fylgist vel með þróuninni hjá stráknum sem hefur ekki enn fengið tækifæri með yngri landsliðum Íslands.

Eftir Óskar Ófeig Jónsson

Í fyrsta sinn í mörg ár er Njarðvíkingurinn Egill Jónasson ekki lengur hæsti leikmaður Iceland Express-deildarinnar. Hann 216 sm há og 17 ára gamli Hvergerðingur Ragnar Nathanaelsson fékk nefnilega að stíga sín fyrstu spor með Hamri í deildinni í vetur.

Ragnar kom inn á í sínum fyrsta leik þegar Hamar sótti Þórsara heim á Akureyri. Fyrsta karfan kom í óvæntum sigri Hamars á verðandi deildarmeisturum Keflavíkur og í lokaleiknum gegn ÍR var Ragnar með 6 stig og 7 fráköst.

Lárus Jónsson, fyrirlíði Hamars, hefur fylgst með Ragnari undanfarnin ár og hann sá mikinn mun á honum á þessu tímabili.

„Hann hefur alla möguleika og það er undir honum sjálfum komið að verða góður. Áhuginn er að aukast hjá honum og hann stóð sig bara ágætlega í þeim leikjum sem hann tók þátt í hjá okkur í vetur. Hann var aðeins með okkur í fyrri en í vetur er hann búinn að vera á fullu. Það er þvilík breyting á honum, hann náði að troða í fyrsta sinn í vetur og núna treður hann á hverri einustu æfingu,“ segir Lárus sem segir hugarfar Ragnars geta hjálpað honum.

„Hann hefur ágætis hugarfar og hann er frekar milli-nagli. Það á samt eftir að reyna almennilega á hann því hann er ungur og ekki búinn að spila mikið,“ segir Lárus en þrátt fyrir að vera þegar orðinn stór og mikill þá þarf strákurinn að styrkja sig. „Hann þarf að styrkja sig líkamlega og þá sérstaklega miðju líkamans því hann er svolítið veltur. Það gæti orðið auðvelt að ýta honum ef hann styrkir sig ekki. Það kemur því hann er svo ungur ennþá,“ segir Lárus.

Ragnar hefur gengið í gegnum ýmislegt þrátt fyrir ungan aldur og um tíma var eins og hann ætlaði ekki að enda í körfuboltanum en Ágúst Björgvinsson, þjálfari Hamars, hefur hjálpað stráknum mikið í vetur og kveikt áhuga hjá honum á að reyna að ná langt í körfuboltanum.

Ragnar hefur aldrei verið valinn í unglingslandslið sem mörgum finnst skrítið því ef það er eitthvað sem íslenskan körfubolta vantar þá eru það fleiri stórir menn. Hans tími mun þó örugglega koma haldi hann áfram á sömu braut.



Pétur kom á nokkrar æfingar milli jóla og nýárs. Hann sagði honum meðal annars að fara aldrei út úr íþróttahúsinu án þess að troða. Það kveikti tvímælaust í honum.

» ÉG ER  
Ragnar Ágúst Nathanaelsson

Aldur... 17 ára.  
Hæð... 216 sm.  
Þyngd... 125 kg.  
Skónúmer... 51/15 US.  
Lítur upp til... Pétur Guðmundsson er sá eini sem ég þarf að líta upp til.  
Önnur áhugamál... Hef mikinn áhuga á tónlist, bæði að spila og hlusta.



Pétur Guðmundsson er sá körfuboltamaður sem hefur náð lengst en hann spilaði meðal annars með Los Angeles Lakers, San Antonio Spurs og Portland Trailblazers. Pétur er sjálfur 218 sm á hæð og þeir Ragnar hafa hist, gerðu það um síðustu áramót og Pétur hefur sýnt mikinn áhuga á að hjálpa Ragnari í framhaldinu. Hann hefur sem dæmi boðið stráknum til sín þegar Ragnar fer í körfuboltabúðir í Duke í Bandaríkjunum í sumar.

Pétur ráðleggur Ragnari hér neðar á síðunni. „Ég trúi því að hann geti náð langt. Það er erfitt að fylgjast með úr svona mikilli fjarlægð en ég veit að Gústi er að gera góða hluti fyrir Ragnar og ég treysti honum,“ sagði Pétur um strákinn.

Lárus segir það hafa verið fróð-

legt að fylgjast með þeim Pétri og Ragnari. „Það er gaman að segja frá því að Pétur kom á nokkrar æfingar milli jóla og nýárs. Hann sagði honum meðal annars að fara aldrei út úr íþróttahúsinu án þess að troða. Það kveikti tvímælaust í honum því hann hefur náttúrulega ekki margar fyrirmyndir hér á Íslandi nema kannski Egil,“ segir Lárus.

Lárus vonast til þess að Ragnar haldi áfram á þeirri braut sem hann komst á í vetur.

„Það skiptir máli að halda honum að körfubolta því það er eins með hann og alla aðra að það er hægt að búa til áhuga. Ég er mjög bjartsýnn en það er undir honum komið hvað hann ætlar að ná langt. Hann getur farið nákvæmlega eins langt og hann vill.“

## 5 RÁÐLEGGINGAR PÉTURS GUÐMUNDSSONAR TIL RAGNARS

1. Trúðu alltaf á sjálfan þig og vertu sjálfum þér trúur. Þú munt alltaf vekja athygli vegna hæðarinnar og kemst ekki hjá því að vera í sviðsljósinu. Vertu hógvær og mundu alltaf hvar þú byrjaðir. Þú kaust ekki að vera stór. Það er bara bónus! Þú ert ekki öðruvísi en aðrir þótt þú sért hærri en fólk mun alltaf halda það. Hæðin getur hins vegar boðið þér upp á ýmsa möguleika en það er undir þér sjálfum komið hvernig þú vinnur

úr þeim.  
2. Mundu að menntun er máttur. Aldrei gleyma að körfubolti er leikur en menntun undirbýr þig fyrir lífið. Það á við hvort sem þú ert 220 sm á hæð eða 120 sm. Þú verður að finna rétt jafnvægi þar á milli.  
3. Settu þér markmið og mundu að vera alltaf óhræddur við að reyna eitthvað nýtt. Það er betra að reyna eitthvað og mistakast en að reyna ekki og vita aldrei hvort þú getur það! Fólk mun hafa ákveðnar

væntingar til þín vegna hæðarinnar en mundu að „fólk“ stjórnar ekki lífi þínu. Treystu þeim sem hafa hjálpað þér hingað!  
4. Þeir sem VILJA verða betri finna alltaf „aukatíma“ til að æfa sig. Mundu að þú „spilar eins og þú æfir“. Æfðu rétt og þá spilar þú rétt! Endurtekning, endurtekning... enginn

verður meistari án þess að eyða miklum tíma í að æfa það sem hann er búinn að læra. Þetta á ekki síst við um hávaxna leikmenn.  
5. Mundu svo að lokum að svona stór líkami er vél sem þarf gott eldsneyti. Borðu rétt og hugsaðu vel um líkamann og þá eru þér allir vegir færir!

GANGI ÞÉR VEL!  
Þinn vinur, Pétur.





# allt atvinna

ER ÞÍN ATVINNUAUGLÝSING HÉR?  
MEST LESNA ATVINNUBLAÐ LANDSINS

FRÉTTABLAÐIÐ

S. 512 5441 hrannar@365.is  
S. 512 5426 vip@365.is

## Iceprotein

Iceprotein enr. er sprotayfirræki a iittækisvioni sem var stornað ari 2005 og starfrækir tilraunaverksmiðju á Sauðárkróki.

**Iceprotein ehf. óskar eftir því að ráða nákvæman starfskraft í fullt starf til framleiðslustarfa í verksmiðju fyrirtækisins á Sauðárkróki. Ætlast er til að viðkomandi muni hafa umsjón með daglegri framleiðslu fyrirtækisins.**

### Hæfniskröfur:

- Reynsla á sviði matvælaframleiðslu
- Menntun sem nýtist í starfi
- Viðkomandi þarf að eiga auðvelt með að tileinka sér nýja hluti og aðferðir
- Góð hæfni í mannlegum samskiptum
- Frumkvæði og metnaður í starfi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Arnljótur Bjarki Bergsson, framkvæmdastjóri í síma 858-5013. Umsóknir með ferilskrár sendist á [iceprotein@simnet.is](mailto:iceprotein@simnet.is)

Umsóknarfrestur er til 11. apríl 2008.



MANAGING RISK

## Skipa- eða véltækni-/verkfræðingur

DNV is a global provider of services for managing risk.

Established in 1864, DNV is an independent foundation with the objective of safeguarding life, property and the environment.

DNV offers a truly international environment, comprises 300 offices in 100 countries, with 8,000 employees.

[www.dnv.com](http://www.dnv.com)



Det Norske Veritas (DNV) á Íslandi óskar eftir að ráða verk- eða tæknifræðing á skipa- eða vélasviði til eftirlitsstarfa

Starfið felur aðallega í sér eftirlit með skipum, sem flokkuð eru hjá DNV, en einnig vottun og úttektir á öðrum sviðum.

Eftirlitsmaðurinn kemur til með að starfa í afar krefjandi starfsumhverfi þar sem lykilatriði er fagleg vinnubrögð og þjónustulipurð. Þjálfun fer fram innan fyrirtækisins og verður reynsla viðkomandi starfsmanns höfð til hliðsjónar við skipulagningu þjálfunarinnar. Þjálfun verður í formi starfsþjálfunar og námskeiða. Starfinu og þjálfuninni fylgir ferðalög og dvöl erlendis í einhvern tíma.

Hæfniskröfur eru menntun í tækni- og/eða verkfræði á skipa- eða vélasviði og marktæk þekking á skipum, en reynsla af sambærilegum störfum er kostur. Áhersla er lögð á samstarfshæfni, faglegan metnað, sjálfstæð og skipuleg vinnubrögð og þægilega framkomu. Mjög góð enskukunnátta í tali og riti er skilyrði, en enska er notuð sem aðal tungumál innan DNV, kunnátta í Norðurlandamálum er kostur.

Í boði er áhugavert starf, sem gefur möguleika á starfsframa í alþjóðlegu umhverfi hjá leiðandi fyrirtæki á sínu sviði. Viðkomandi þarf að geta unnið sveigjanlegan vinnutíma m.a. vegna ferðalaga innanlands og utan.

Umsóknarfrestur er til og með 18. apríl nk. Gengið verður frá ráðningu fljótlega. Vinsamlega athugið að fyrirspurnum verður eingöngu svarað hjá STRÁ MRI. Umsóknnum skal skilað á ensku, gögn verða meðhöndluð sem trúnaðarmál.

Guðný Harðardóttir og Gunnar Hólmsteinn Ársælssson hjá STRÁ MRI, veita nánari upplýsingar, en viðtalstímar eru frá kl.13-15 alla virka daga á meðan á umsóknarferlinu stendur. Vinsamlega sendið umsóknir/starfsferilskrár ásamt meðfylgjandi gönum til [stra@stra.is](mailto:stra@stra.is).



Suðurlandsbraut 6 - 108 Reykjavík - sími 588 3031 - [www.stra.is](http://www.stra.is)

Fagmennska í yfir 20 ár

### » Ráðningarþjónusta

# Leitar þú að starfsmanni?

HH Ráðgjöf hefur vönduð vinnubrögð og fagmennsku að leiðarljósi. Við leggjum metnað okkar í að veita afburðarþjónustu og finna réttan einstakling fyrir þá aðila sem leita okkar aðstoðar við ráðningu starfsfólks.

» Kostir þess að nýta sér þjónustu HH Ráðgjafar eru m.a.:

#### ■ Vinnusparnaður

Við vinnum úr umsóknnum, leitum í gagnagrunni okkar, tökum forviðtöl og öflum umsagna.

#### ■ Markviss leit

Nýr hugbúnaður gerir leit afar markvissa og tryggir að við finnum hæfasta einstaklinginn.

#### ■ Þriggja mánaða ábyrgð

Ef starfsmaður hættir störfum innan þriggja mánaða er ráðning í hans stað án endurgjalds.

#### ■ Bregðumst fljótt við

Okkar aðalsmerki eru skjót viðbrögð og lögð er áhersla á að flýta ráðningarferlinu eins og unnt er.

#### ■ Fjöldi hæfra umsækjenda

Fjöldi umsækjenda er á skrá í almennum gagnagrunni okkar sem tryggir að við finnum rétta einstaklinginn fyrir starfið.

#### ■ Reynsla og þekking


Hjá HH Ráðgjöf starfa sérfræðingar á sviði starfsmannamála sem búa m.a. yfir mikilli reynslu af ráðningum og hagnýtri menntun.

#### ■ Sanngjarnt verð

Þjóðum mjög hagstætt og samkeppnishæft verð á þjónustu okkar. Gerðu verðsamanburð!

HH Ráðgjöf er alhliða ráðningarþjónusta og við státum okkur af því að veita framúrskarandi þjónustu hvort sem um ræðir ráðningu ófaglærðra, faglærðra eða sérfræðinga.

» Ráðgjafar okkar veita fúslega frekari upplýsingar í síma 561 5900 eða sendu okkur tölvupóst: [hhr@hhr.is](mailto:hhr@hhr.is)



Hulda Helgadóttir



Sigurborg Þórarinsdóttir



Kristín Hallgrímsdóttir



Jón Ragnarsson

HH  
RÁDGGJÖF  
RÁÐNINGARÞJÓNUSTA

# Flott herradeild - ráðgjöf og sala

## DEBENHAMS

565381

Debenhams óskar eftir að ráða til sín sölumann í herrafatadeild. Í starfinu felst m.a ráðgjöf, sala, afgreiðsla og þjónusta við viðskiptavini.

- Leitað er að áhugasömum, snyrtilegum og jákvæðum einstaklingi sem hefur áhuga á fatnaði og metnað til að taka þátt í uppbyggingu á deildinni. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi.
- Vinnutími er fjóra virka daga í viku frá kl. 11:00-19:00 og aðra hverja helgi samkvæmt opnunartíma. Ráðið verður í starfið fljótlega.
- Debenhams er deildarskipt sérvörverslun sem staðsett er í verslunarmiðstöðinni Smáralind. Í versluninni er að finna mikið úrval af þekktum merkjum t.d. í kvenfatnaði, herrafatnaði, barnafatnaði, fylgihlutum, búsáhöldum, snyrtivörum og undirfatnaði.

Skráning og upplýsingar á [www.vinna.is](http://www.vinna.is)

Vinna.is  
Sími 511-1144  
[www.vinna.is](http://www.vinna.is)



## VERKEFNASTJÓRI SPENNANDI STARF Í BOÐI

Vegagerðin leggur ríka áherslu á góðan starfsanda á vinnustað. Starfsmenn skulu eiga rétt á sveigjanlegum vinnutíma eftir því sem unnt er. Vinnutími starfsmanna skal taka mið af því að þeir geti samræmt kröfur starfs- og fjölskylduábyrgðar eins og kostur er.

Stefnt er að því að efla og styrkja starfsmenn með því að sjá þeim fyrir fræðslu, þjálfun og endurmenntun sem þeim er nauðsynleg til að sinna starfi sínu og vinna að markmiðum Vegagerðarinnar.

**Vegagerðin er eftirsóknarverður vinnustaður sem hentar jafnt báðum kynjum. Konur eru sérstaklega hvattar til að sækja um.**

Staða verkefnastjóra Vegagerðarinnar hjá hönnunarkaupum Suðvestursvæðis með aðsetur í Reykjavík er laus til umsóknar. Laun skv. kjarasamningi fjármálaráðherra og viðkomandi stéttarfélag.

Suðvestursvæðið tekur yfir höfuðborgarsvæðið og Suðurnes. Svæðismiðstöð er í Reykjavík og þar eru einingar sem sjá um áætlunar og hönnunarkaup. Þar er einnig stýring nýframkvæmda, þjónustu og viðhalds á svæðinu. Þjónustustöð er í Hafnarfirði. Við hjá Suðvestursvæði erum samheldinn og þéttur hópur, sem býður þig velkomin(n).

### Starfssvið

- Umsjón með kaupum á hönnunarverkefnum. Mörg spennandi verkefni eru í gangi, m.a. tvöföldun Suður- og Vesturlandsvegur, mislæg gatnamót við Krínglumýrabraut og Miklubraut, Sundabraut o.fl.
- Áætlanagerð og kostnaðareftirlit
- Þjónusta við nýframkvæmdir
- Samskipti við sveitarfélög, veituaðila og verktaka

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Byggingartæknifræði eða byggingarverkfræði
- Æskileg er reynsla og/eða nám í verkefnastjórnun
- Kostur ef viðkomandi hefur reynslu af vinnu við umferðarmannvirki
- Frumkvæði og hæfni til að vinna sjálfstætt
- Góðir samstarfshæfileikar

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir ([audur.bjarnadottir@capacent.is](mailto:audur.bjarnadottir@capacent.is)) og Elmar Bergþórsson ([elmar.bergthorsson@capacent.is](mailto:elmar.bergthorsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



## SKÓLASTJÓRI GRUNNSKÓLA SELTJARNARNESS

Skólaskrifstofa Seltjarnarness auglýsir lausa stöðu skólastjóra við Grunnskóla Seltjarnarness. Leitað er að metnaðarfullum einstaklingi sem er tilbúinn að leiða kraftmikið skólastarf til móts við nýjar áskoranir.

### Menntunar og hæfniskröfur

- Kennsluréttindi og kennslureynsla
- Farsæl reynsla af skólastjórnun
- Hæfni í mannlegum samskiptum
- Hafa skýra sýn á hvert stefna beri í skólastarfi
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði og kraftur
- Vísýni og brennandi áhugi á skólastarfi og skólaþróun
- Framhaldsmenntun æskileg

Umsókn skal fylgja skýrsla um störf umsækjanda og stjórnunarreynslu ásamt upplýsingum um verkefni sem varpað geta ljósi á færni til að sinna skólastjórnastarfi. Nauðsynlegt er að umsækjandi skili greinargerð um hugmyndir hans um stefnu, áherslur og árangursríkar aðferðir í því starfi sem sótt er um.

Umsjón með ráðningu hafa Hilmar G. Hjaltason ([hilmar.hjaltason@capacent.is](mailto:hilmar.hjaltason@capacent.is)) og Sigurlaug Þorsteinsdóttir ([sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is](mailto:sigurlaug.thorsteinsdottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

Grunnskóli Seltjarnarness er heildstæður grunnskóli með um 6-700 nemendum. Skólinn starfar í tveimur starfsstöðvum sem skammt er á milli. Vel er búið að skólastarfi á Seltjarnarnesi og er mikið lagt upp úr samstarfi við Tónlistarskóla Seltjarnarness og íþróttafélagið Gróttu. Aðbúnaður er eins og best verður á kosið en á undanförunum árum hafa skólabyggingar verið endurnýjaðar frá grunni og nú er unnið að endurgerð skólalóða. Öllum kennurum Grunnskólans stendur til boða að fá fartölvu og ókeypis heimatengingu og tölvur- og annar kennslubúnaður skólans er endurnýjaður reglulega.

**Í samræmi við jafnréttisáætlun Seltjarnarnesbæjar eru konur jafnt sem karlar hvattir til að sækja um stöðuna.**

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# HUGBÚNAÐARSÉRFRÆÐINGAR

K3 er stærsti endursöluáðili LS Retail, helsti endursöluáðili Microsoft Dynamics NAV (áður Navision) og leiðandi í Microsoft hugbúnaðarlausnum á alþjóðlegum vettvangi fyrir miðlungs smásölu- og framleiðslufyrirtæki.

K3 Landsteinar er staðsett í Haag í Hollandi og er í eigu K3 Business Technology Group í Bretlandi.

Nálgast má nánari upplýsingar um fyrirtækið á heimasíðu þess [www.k3landsteinar.nl](http://www.k3landsteinar.nl) og á [www.k3btg.com](http://www.k3btg.com)

K3 Landsteinar leitar að forriturum/hugbúnaðarsérfræðingum til þess að stækka og styrkja alþjóðlegt teymi fyrirtækisins í höfuðstöðvum þess í Haag í Hollandi.

## Hugbúnaðarsérfræðingur viðskiptalausna

### Starfssvið

- Sérhæfð forritun á viðskiptalausnum
- Þarfagreining og ráðgjöf til viðskiptavina
- Mat og ráðgjöf um bestun kerfa
- Þróun, hönnun og uppsetning viðskiptalausna fyrir smásölu- og heildsölufyrirtæki

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám
- Viðtæk reynsla í forritun/ráðgjöf á ERP hugbúnaði
- Þekking á Microsoft Dynamics NAV (áður Navision) æskileg
- Góð enskukunnátta áskilin, jafnt í ræðu sem riti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og árangursdrifni

K3Landsteinar bjóða áhugavert tækifæri fyrir þá sem hafa áhuga á að vinna í alþjóðlegu umhverfi og vilja víkka sjóndeildarhringinn og flytja erlendis. Tækifæri til að starfa við ögrandi verkefni fyrir stærri sem minni alþjóðlega viðskiptavinum í góðu starfsumhverfi hjá ungu og ört vaxandi fyrirtæki. Í boði eru samkeppnishæf laun í skapandi umhverfi.

## Hugbúnaðarsérfræðingur veflausna

### Starfssvið

- Sérhæfð forritun á veflausnum
- Þarfagreining og ráðgjöf til viðskiptavina
- Mat og ráðgjöf um bestun lausna
- Þróun, hönnun og uppsetning veflausna fyrir smásölu- og heildsölufyrirtæki

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun í tölvunarfræði, verkfræði eða sambærilegt nám
- Viðtæk reynsla í forritun í ASP.NET
- Þekking á Microsoft CRM, SharePoint og vefverslun æskileg
- Góð enskukunnátta áskilin, jafnt í ræðu sem riti
- Sjálfstæði í vinnubrögðum, metnaður og árangursdrifni

Umsjón með ráðningu hafa Helga Jónsdóttir ([helga.jonsdottir@capacent.is](mailto:helga.jonsdottir@capacent.is)) og Tómas Oddur Hrafnsson ([tomas.hrafnsson@capacent.is](mailto:tomas.hrafnsson@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



# KREFJANDI OG ÁHUGAVERÐ STÖRF

Ríkisendurskoðun auglýsir eftir sérfræðingum í eftirtalin störf:

## Sérfræðingur á endurskoðunarsviði

### Starfssvið

Starfið felst í fjárhagsendurskoðun hjá ríkisaðilum, vottun fjárhagsupplýsinga og mati á fjármálastjórn. Hluti starfsins felst í skýrslugerð.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Leitað er að einstaklingi með háskólapróf í viðskiptafræði með áherslu á reikningshald eða endurskoðun. Umsækjendur þurfa að vera skipulagðir og geta unnið sjálfstætt og með öðrum. Þeir þurfa einnig að vera vel ritfærir og hafa gott vald á íslensku og ensku.

## Sérfræðingur í stjórnsýsluendurskoðun

### Starfssvið

Starfið felst í gerð úttekta á verkefnum ríkisins og mati á hagkvæmni, skilvirkni og árangri þeirra. Yfirleitt er unnið í 2 til 3 manna teymum. Gerð er grein fyrir niðurstöðum úttekta í skýrslum sem birtar eru opinberlega.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Leitað er að einstaklingi með háskólamenntun á sviði viðskipta- eða reksturs, framhaldsmenntun er mikill kostur. Viðkomandi þarf að búa yfir hæfni til að greina og túlka margvíslegar upplýsingar um starfsemi á vegum ríkisins með hagkvæmni, skilvirkni og árangur í huga. Gerð er krafa um framúrskarandi íslensku- og enskukunnáttu og hæfni í að útskýra flókin viðfangsefni á skýran hátt í texta. Hæfni í mannlegum samskiptum og geta til að vinna sjálfstætt og í hópi skilyrði. Þekking á aðferðum félagsvísinda og góð almenn tölfræðikunnátta er mikill kostur.

## Sérfræðingur á skrifstofu ríkisendurskoðanda

### Starfssvið

Starfið felst einkum í umsjón með útgáfu- og kynningarmálum stofnunarinnar, heimasíðu hennar, endurmenntun starfsmanna og erlendum samskiptum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

Umsækjendur þurfa að hafa háskólapróf, hafa mjög gott vald á íslensku, ensku og einu Norðurlandamáli og geta gert grein fyrir viðfangsefnum á skýran og skilmerkilegan hátt, jafnt í ræðu sem riti. Þeir þurfa einnig að sýna frumkvæði og sjálfstæði í starfi, búa yfir mikilli skipulags- og samskiptahæfni og hafa góða tölvukunnáttu.

Ríkisendurskoðun starfar á vegum Alþingis og hefur það meginhlutverk að annast eftirlit með fjárreiðum og rekstri ríkisins. Hjá stofnuninni vinna um 50 manns með margvíslegu menntun og reynslu. Lögð er áhersla á starfsþróun og endurmenntun til að tryggja að þekking starfsmanna sé í samræmi við þau krefjandi verkefni sem stofnuninni eru falin.

Laun ákvarðast af ábyrgð, menntun, frammistöðu og árangri starfsmanna. Að auki er tekið mið af launakjörum á almennum vinnumarkaði.

Umsjón með störfunum hafa Ragnheiður S. Dagsdóttir ([ragnheidur.dagsdottir@capacent.is](mailto:ragnheidur.dagsdottir@capacent.is)) og Guðríður D. Hálfánardóttir ([guðridur.halfdanardottir@capacent.is](mailto:guðridur.halfdanardottir@capacent.is)) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um störf in á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# GOTT FÓLK!

Capacent Ráðningar sér um ráðningar starfsfólks, allt frá almennum starfsfólki til forstjóra. Umsækjendur og atvinnurekendur - kynnið ykkur þjónustuna á heimasíðu okkar [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

## Atvinnubílstjóri

### Domino's Pizza óskar eftir umsóknum í stöðu atvinnubílstjóra

Skemmtilegt og lifandi starf við akstur á vörum í verslanir Domino's á höfuðborgarsvæðinu. Vinnutími miðast við 8 klst. dagvinnu. Umsækjandi þarf að hafa meirapróf.

Umsóknir sendist á [ingibjorg@dominos.is](mailto:ingibjorg@dominos.is) fyrir 15. apríl. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Ingibjörg Gunnarsdóttir í síma 585 0800.



58-12345  
dominos.is

### Starfskraftur óskast

Matstofa Daniels er matvælafyrirtæki sem sendir út hádegismat til fyrirtækja bæði í einstaklingsbökkum og í stærri einingum.

#### Starfslýsing:

Móttaka pantana á morgnanna ásamt því að halda utan um samantektir á bókhaldsgögnum fyrir endanlega bókhaldsvinnslu. Samantekt drykkjarvara með hádegisþöntunum og aðstoða í eldhúsi ef tími gefst.

Vinnutími er frá 8-13

Áhugasamir sendið tölvupóst á [runar@kokkarnir.is](mailto:runar@kokkarnir.is) eða hringið í síma 511-4466 milli kl 9 og 17 á virkum dögum.

## Ert þú vanur dekkjamaður?

Vegna aukinna umsvifa vantar okkur vana dekkjamenn til starfa strax.

Upplýsingar veitir Siggí Ævars í síma 898 3031 eða 568 2035



Pitstop kappkostar að vera ætíð með á boðstólum gæðavöru á góðu verði. Vöruúrvalið er borið uppi af framleiðsluvörum frá Michelin fyrirtækinu en það eru vörumerkin Michelin, BFGoodrich og Kleber. Auk þessa selur Pitstop dekk frá fleiri framleiðendum, dekk í öllum verðflokkum undir fólksbíla, jeppa, sendibíla, vörubíla og önnur farartæki.

- þjónusta í fyrirrúmi.

**pitstop**

Rauðhelli 11 • 221 H.fj. • Sími 568 2035

Dugguvogi 10 • 104 R.vík • Sími 568 2020

Hjallahrauni 4 • 220 H.fj. • Sími 565 2121

Vörumerki sem framleidd eru af Michelin - þekktasta og virtasta dekkjaframleiðanda í heimi

**MICHELIN BFGoodrich Kleber**

# Komdu til Skýrr!

## 2 frábær störf fyrir tæknimenn

Skýrr vill ráða tæknimenn fyrir símalausnir og netumhverfi. Skýrr sækist eftir kraftmiklu og jákvæðu fólki með ríka þjónustulund, sem langar til að takast á við ögrandi viðfangsefni í lifandi atvinnugrein. Í boði eru fjölbreytt og skemmtileg verkefni hjá fyrirtæki í örum vexti.

### Tæknimaður – Símalausnir

#### Internet og gagnaflytningar

#### Starfslýsing

- Þróun og rekstur á VoIP-símalausnum Skýrr
- Ráðgjöf til viðskiptavina
- Uppsetning á búnaði hjá viðskiptavinum

#### Hæfniskröfur

- Umfangsmikil þekking og reynsla á TCP/IP samskiptamatá
- Vilji til að læra og tileinka sér nýja tækni og hugsun
- Æskileg menntun er til dæmis kerfisfræði, tölvunarfræði, rafeindavirkjun

### Tæknimaður – Netumhverfi

#### Internet og gagnaflytningar

#### Starfslýsing

- Hönnun, rekstur og viðhald á netumhverfi og staðarneti Skýrr
- Samskipti og ráðgjöf til núverandi og nýrra viðskiptavina
- Aðstoð við sölustjóra

#### Hæfniskröfur

- Viðtæk þekking og reynsla í umsjón og rekstri staðar- og víðneta
- Menntun í tölvunarfræði, tæknifræði eða verkfræði er kostur en ekki skilyrði
- Æskilegt að hafa lokið Cisco-prófum, svo sem CCNA, CCNP, CCIE

#### Nánari upplýsingar

Nánari upplýsingar um þessi tvö störf veitir Ingibjörg Óðinsdóttir, forstöðumaður mannauðssviðs Skýrr, í 569 5100 eða [ingibjorg.odinsdottir@skyyrr.is](mailto:ingibjorg.odinsdottir@skyyrr.is). Umsóknarfrestur er til mánudagsins 14. apríl. Vinsamlegast sækjið um og sendið ferilskrá á vefsvæði Skýrr ([skyyrr.is](http://skyyrr.is)). Öllum umsóknum svarað. Fullum trúnaði heitið.

#### Skýrr í hnotskurn

Skýrr býður samþættar heildarlausnir fyrir atvinnulífið undir kjörorðunum „Allt á einum stað“. Starfsemi Skýrr er tvíþætt og skiptist í hugbúnað og rekstrarþjónustu. Skýrr er samstarfsaðili Microsoft, Oracle, Business Objects og VeriSign. Mikil starfsemi er í hugbúnaðarþróun og ráðgjöf. Viðskiptavinir Skýrr eru yfir 2.300.

#### Mannauður og liðsandi

Starfsfólk Skýrr er liðlega 200 talsins. Starfsfólkið er helsta auðind Skýrr. Fyrirtækið er fjölskylduvænt og tekur ríkt tillit til persónulegra aðstæðna fólks. Styrkir eru í boði fyrir líkamsrækt, sjúkrahjálfun og fleira. Starfsfólk Skýrr er samhentur hópur með jákvætt viðmót og þar ríkir góður liðsandi. Félagslíf innan fyrirtækisins er afar líflegt og kraftmikil. Óvæntar uppkomur til að brjóta upp hversdaginn eru tíðar.

#### Gott að borða

Skýrr státar af framsæknu mótuneyti, sem leggur áherslu á hollan og fjölbreyttan matseðil. Sódavatn og kaffivélar með úrvalsbaunum frá Te & kaffi er hvarvetna við höndina.

Allt á einum stað

569 5100  
[skyyrr.is](http://skyyrr.is)

**Skýrr**





**Landspítali**

### Verkstjóri rafmagnsverkstæðis

Verkstjóri óskast á rafmagnsverkstæði við Hringbraut. Starfshlutfall 100%.

Leitum að dugmiklum og jákvæðum einstaklingi sem er tilbúinn að axla ábyrgð og að takast á við krefjandi verkefni í spennandi tækniumhverfi. Verkstjóri heyrir undir deildarstjóra rafmagnsdeildar.

Starfssvið: Stýrir viðhaldi/framkvæmdum/úttektum/prófunum og eftirliti með búnaði. Stýrir þjónustu við deildir spítalans. Hefur umsjón með innkaupum og lagerhaldi verkstæðis.

Hæfniskröfur: Rafvirkjameistari. Reynsla af verkstjórn. Góð tölvukunnátta nauðsynleg. Góð tungumálakunnátta æskileg. Frumkvæði og sjálfstæð vinnubrögð.

Umsóknir berist fyrir 21. apríl nk. til Kristjáns Theodórssonar, deildarstjóra og veitir hann upplýsingar í síma 824 5883, netfang [kristthe@landspitali.is](mailto:kristthe@landspitali.is).

### Hjúkrunarritari

Hjúkrunarritari óskast á smitsjúkdómadeild A-7 í Fossvogi frá 1. ágúst 2008. Um er að ræða vaktvinnu þar sem er unnið er aðra hvora viku frá kl: 8-16 og hina frá kl: 14-22.

Starfssvið hjúkrunarritara felur í sér símavörslu, umsýslu gagna, skráningu í tölvukerfi sjúkráhuðssins og almenna fyrirgreiðslu við sjúklinga, aðstandendur og samstarfsfólk. Einnig er um að ræða sérverkefni í samvinnu við deildarstjóra.

Í krefjandi starfi og starfsumhverfi hjúkrunarritara eru eiginleikar eins og jákvæðni, hæfni í mannlegum samskiptum og góðir skipulagshæfileikar nauðsynlegir. Einnig þarf viðkomandi að geta unnið sjálfstætt, hafa frumkvæði í starfi og geta unnið undir álagi. Góð tölvukunnátta er æskileg.

Umsóknir berist fyrir 1. maí 2008 til Stefáníu Arnardóttur, deildarstjóra smitsjúkdómadeildar A-7 og veitir hún upplýsingar í síma 543 6770, netfang [stefarn@landspitali.is](mailto:stefarn@landspitali.is).

Laun samkvæmt gildandi samningi viðkomandi stéttarfélags og fjármálaráðherra. Umsóknareyðublöð fást í upplýsingum Fossvogi og Hringbraut, skrifstofu mannauðsmála Eiríksstötu 5, á heimasíðu [www.landspitali.is](http://www.landspitali.is). Tekið er mið af jafnréttisstefnu LSH við ráðningar í störf á Landspítala. Öllum umsóknum verður svarað þegar ákvörðun um ráðningu hefur verið tekin.

Landspítali er reyklus vinnustaður.



## LAGERSTARFSMAÐUR HJÁ STRÆTÓ BS.

Vinnuaðstaða í nýju og glæsilegu húsnæði að Hesthálsi 14, Reykjavík.

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk samlagsins er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Velta fyrirtækisins er um 3 milljarðar á ársgrundvelli. Fyrirtækið hefur jafnframt umsjón með ferðaþjónustu fatlaðra.

### Starfssvið:

- Samskipti og innkaup frá innlendum birgjum.
- Vöruafgreiðsla.
- Birgðaskráning.
- Önnur tilfallandi verkefni.

Vinnutími: 7:30 – 15:45, mán. til fim. Föstudaga er unnið til kl. 15:00. Einnig er unnin ein helgi í mánuði; laugardaginn eins og virka daga og sunnudaginn til hádegis.

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Góð tölvukunnátta.
- Enskukunnátta.
- Vera talnaglöggur.
- Hæfni í mannlegum samskiptum.
- Vilji til að ná árangri.
- Stundvísi og samviskusemi.

Nánari upplýsingar um starfið veitir Jóhannes Jóhannesson, sviðsstjóri rekstrarsviðs. Sími 892 7800, netfang: joi@straeto.is Umsóknum skal skilað til Strætó bs., Pósthólf 9140, 129 Reykjavík eða með tölvupósti til Jóhannesar. Umsóknarfrestur er til 11. apríl.



## VAGNSTJÓRAR – KONUR JAFNT SEM KARLAR!

Strætó bs. vill ráða vagnstjóra; til framtíðarstarfa og sumarafleysinga. Til greina kemur að kosta og styrkja umsækjendur til meiraprófs

Strætó bs. er byggðasamlag í eigu sjö sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Hlutverk samlagsins er að sinna almenningssamgöngum á höfuðborgarsvæðinu.

Hjá fyrirtækinu starfa um 200 manns auk undirverktaka. Velta fyrirtækisins er um 3 milljarðar á ársgrundvelli. Fyrirtækið hefur jafnframt umsjón með ferðaþjónustu fatlaðra.

### Starfssvið:

- Að aka strætisvögnum Strætó bs samkvæmt leiðakerfi
- Að aðstoða og leiðbeina farþegum við að komast leiðar sinnar um höfuðborgarsvæðið
- Starfið er vaktavinna og býður upp á sveigjanlegan vinnutíma
- Um er að ræða fullt starf, hlutastarf, helgarvinnu og kvöldvinnu

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Meirapróf er kostur en ekki skilyrði
- Til greina kemur að kosta og styrkja umsækjendur um framtíðarstörf til meiraprófs
- Hlýlegt viðmót og þjónustulund
- Þjónustulipurð og samviskusemi

Nánari upplýsingar um starfið veitir Steindór Steinþórsson, deildarstjóri í akstursdeild, símar 540 2712 og 660 2343, netfang: steindor@straeto.is Einnig er hægt að sækja um starfið á heimasíðu Strætó bs: [straeto.is](http://straeto.is)

## Suðupottur hugmynda - þar sem hlutirnir gerast

Hugbúnaðarhús í örur vexta leitar að kraftmiklum, hressum og skörpum einstaklingum til starfa. Lifsgleði er algjört skilyrði ásamt hugmyndaauðgi. Við leitum að forriturum og tölvunarfræðingum ásamt ritara. Vinnutíminn er nokkuð frjálst svo framarlega sem vinnuframlagið er gott. Við nærumst á gleði og sköpunarkrafti og okkar bestu hugmyndir verða til þegar við erum ekki við skrifborðið.

Starfsstöðin er á Íslandi en eitthvað verður um ferðir erlendis.

Ef við vekjum áhuga þinn, hafðu þá samband við Lind eða Mjöll hjá Talent. Þær taka vel á móti þér.

### Forritarar og tölvunarfræðingar:

- Þróun hugbúnaðarlausna
- Forritun
- Þátttaka í hópavinnu
- Hugmyndavinna og hönnun
- Öflun þekkingar

### Ritari:

- Símsvörun
- Aðstoð við bókhald
- Aðstoð við markaðsmál
- Móttaka gesta

Umsóknarfrestur er til og með 21. apríl 2008

**TALENT**  
RÁÐNINGAR

| Vitastíg 13 | 101 Reykjavík | [talent@talent.is](mailto:talent@talent.is) | Sími 552-1600 |

Umsjón með starfinu hefur Lind Einarsdóttir hjá Talent Ráðningum, [lind@talent.is](mailto:lind@talent.is)

Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Talent Ráðninga, [www.talent.is](http://www.talent.is)



Median er markaðsdrifið þjónustufyrirtæki á sviði rafrænnar greiðslumiðlunar (processor) í eigu íslensku viðskiptabankanna og kortafyrirtækjanna. Fyrirtækið er með starfsstöðvar í þremur löndum í ört vaxandi umhverfi. Meðal viðskiptavina félagsins eru British Airways, Swiss International Airlines, British Midland, Icelandair og Reiknistofa bankanna.

## VIÐTÖKUPRÓFANIR OG REKSTUR

Vegna aukinna umsvifa leitar Rekstrardeild Median að öflugum einstaklingi í hóp sérfræðinga sinna.

Median leitar eftir einstaklingi til starfa við viðtökuprófanir, innleiðingar og annan almennan rekstur á kerfum Median. Leitað er eftir einstaklingi með mikla reynslu af hugbúnaðarprófunum, sem hefur frumkvæði, getur tekið sjálfstæðar ákvarðanir og sýnir öguð vinnubrögð. Viðkomandi þarf að hafa mikinn áhuga á hugbúnaðarprófunum og hugbúnaðarekstri.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Nokkurra ára reynsla af hugbúnaðarprófunum mikill kostur
- Prófgráður í prófunum er kostur, s.s. ICTQB Certified Tester
- Háskólagráða í tölvunarfræði eða verkfræði
- Reynsla af prófunum í miðlara-biðlara umhverfi með Linux, Java, TomCat og SQL gagnagrunnum mikill kostur
- Fullkomið vald á íslensku og ensku, bæði tal- og ritmáli
- Reynsla af að vinna eftir SCRUM aðferðafræðinni kostur

Í boði er starf sem býður upp á mikla möguleika á að öðlast reynslu af framþróun og rekstri fjölbreytts hugbúnaðarkerfis í krefjandi og skemmtilegu umhverfi.

Umsjón með starfinu hafa Sigrún Ýr Árnadóttir (sigrun.yr.arnadottir@capacent.is) og Herdis Rán Magnúsdóttir (herdis.magnusdottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 13. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 319 milljörðum króna og ársvelta er um 23 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á næsta ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

## STÖÐVARVÖRÐUR BLÖNDUSTÖÐ

Landsvirkjun óskar að ráða stöðvarvörð í Blöndustöð. Blöndustöð og veitumannvirki hennar heyra undir rekstrardeild á orkusviði.

Starfsstöð viðkomandi starfsmanns er í Blöndustöð. Viðkomandi má vænta þess að vinna utan Blöndusvæðis eins og verkefnastaða á orkusviði segir til um á hverjum tíma.

### Starfssvið

- Vinna við eftirlit og viðhald aflstöðva og veitumannvirki á svæðinu
- Vinna við eftirlit og viðhald spennistöðva á svæðinu
- Ýmis verkefnabundin vinna á fagsviði

### Í boði er:

- Fyrirmyndar starfsaðstaða og góður vinnuandi
- Metnaðarfullt og faglegt vinnuumhverfi
- Tækifæri til starfsþróunar

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Vélfræðingsmenntun
- Frumkvæði, skipulag og sjálfstæð vinnubrögð
- Lipurð í mannlegum samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Elmar Bergþorsson (elmar.bergthorsson@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



Landsvirkjun er í hópi stærstu fyrirtækja landsins með heildareignir sem nema um 319 milljörðum króna og ársvelta er um 23 milljarðar. Fyrirtækið er starfrækt á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stefnir að því að fá vottað umhverfisstjórnunarkerfi skv. ISO 14001 á næsta ári.

Áhersla er lögð á stjórnun mannafla og þekkingar, fjölskylduvænt starfsumhverfi, jafnrétti og tækifæri til starfsþróunar.

## SÉRFRÆÐINGUR Í TÖLVU- OG NETMÁLUM

Við leitum eftir öflugum einstaklingi í góða liðsheild tæknideildar upplýsingasviðs.

Hlutverk upplýsingasviðs er að veita öðrum sviðum og fyrirtækjum innan samstæðu Landsvirkjunar þjónustu á sviði upplýsingatækni og upplýsingakerfa. Tæknideild annast rekstur og umsjón miðlægra tölvukerfa ásamt rekstur viðamikils netkerfis fyrirtækisins og annarra viðskiptavina. Upplýsingasvið vinnur á grundvelli vottaðs gæðakerfis skv. ISO 9001 og stjórnkerfis upplýsingaöryggis skv. ISO 27001.

### Starfssvið

- Rekstur og þróun umfangsmikils netkerfis, netstýribúnaðar og netþjóna
- Aðstoð og ráðgjöf til samstarfsfólks og viðskiptavina

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun á sviði tölvunarfræði, verkfræði eða sambærileg menntun
- Starfsreynsla og þekking á rekstri tölvu og netkerfa er æskileg ásamt góðri þekkingu á Cisco netbúnaði og Windows netstýrikerfum.
- Metnaður og frumkvæði til að ná árangri í starfi
- Sjálfstæð og öguð vinnubrögð, hæfni til að geta tekið að sér stjórnun verkefna
- Lipurð í samskiptum

Umsjón með starfinu hafa Auður Bjarnadóttir (audur.bjarnadottir@capacent.is) og Hildur Sif Arnadóttir (hildur.arnadottir@capacent.is) hjá Capacent Ráðningum. Umsóknarfrestur er til og með 20. apríl nk. Umsækjendur eru vinsamlega beðnir að sækja um starfið á heimasíðu Capacent Ráðninga, [www.capacent.is](http://www.capacent.is)

**capacent**  
RÁÐNINGAR

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000

# KÍKTU Á CAPACENT.IS

ÁRANGUR Á ÖLLUM SVIÐUM

**capacent**

Borgartúni 27 105 Reykjavík Sími 540 1000



### HÓPFERÐABÍLSTJÓRAR

SBA-Norðurleið óskar eftir að ráða bílstjóra með réttindi til aksturs á hópferðabílum. Bæði er um að ræða sumar- og framtíðarstörf í Reykjavík og á Akureyri. Vinsamlegast sendið umsókn með mynd á skrifstofur fyrirtækisins að Skógarhlíð 10, 105 Reykjavík eða Hjalteyrargötu 10, 600 Akureyri, á netfangið sba@sba.is eða fyllið út atvinnuumsókn á vefnum [www.sba.is](http://www.sba.is).



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Yfirmaður í eldhúsi í Laufskálum og Öldukoti

### Lausar eru stöður yfirmanna í eldhúsi í tveimur leikskólum Reykjavíkurborgar.

**Leikskólinn Laufskálar** er fjögurra deilda leikskóli við Laufríma 9 í Grafarvogi. Um 80-90% stöðu er að ræða, á bilinu 8:00 - 16:00.

**Leikskólinn Öldukot** er tveggja deilda leikskóli staðsettur á Öldugötu 19. Um 100% stöðu er að ræða, á bilinu 8:15 - 16:15.

#### Menntunar- og hæfniskröfur:

- nám á sviði matreiðslu
- reynsla af vinnu við matreiðslu æskileg
- þekking og reynsla af verkstjórn æskileg
- þekking á rekstri eldhúsa æskileg
- færni í mannlegum samskiptum
- góð íslenskukunnátta
- skipulagshæfni, nákvæmni, frumkvæði og áreiðanleiki í starfi

Upplýsingar gefa Halldóra Pétursdóttir, leikskólastjóri í Laufskálum í síma 587 1140 eða 693 9818 og Svana Kristinsdóttir, leikskólastjóri í Öldukoti síma 551 4882 eða 693 9817.

Ekki er um tæmandi upptalningu lausra starfa að ræða. Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

## ÍSETNINGAR Á RAFEINDABÚNAÐI

**N1** óskar eftir að ráða áreiðanlegan og dugmikinn starfs+mann til starfa á **þjónustuverkstæði félagsins að Funahöfða**, Reykjavík

#### Helstu verkefni:

- Tenging talstöðva, útvarpa og annars rafeindabúnaðar í bifreiðar

#### Hæfniskröfur:

- Þekking og reynsla af ísetningum rafeindabúnaðar í bifreiðar
- Þjónustulund og samskiptahæfni
- Almenn þekking á rafmagni bifreiða
- Nákvæmni og stundvísi

Nánari upplýsingar um starfið veitir **Bjarni Finnbogason**, í síma 535-9110. Áhugasamir sækja um starfið á [www.n1.is](http://www.n1.is).

#### N1 BÍLAPJÓNUSTA

N1 er leiðandi verslunar- og þjónustufyrirtæki á sviði bílatengdrar starfsemi fyrir einstaklinga og fyrirtæki.

[WWW.N1.IS](http://WWW.N1.IS)



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Aðstoðarleikskólastjóri í Holtaborg

### Laus er til umsóknar staða aðstoðarleikskólastjóra í leikskólanum Holtaborg, Sólheimum 21, 104 Reykjavík.

Holtaborg er þriggja deilda leikskóli í Laugarneshverfinu. Á Holtaborg er leikurinn í fyrirrúmi, einnig er unnið með könnunarleikinn og könnunaraðferðina.

#### Helstu verkefni:

- Að vera aðstoðarmaður leikskólastjóra og staðgengill í fjarveru hans
- Að vinna ásamt leikskólastjóra að daglegri stjórnun leikskólans og skipulagningu uppeldisstarfsins

#### Menntunar- og færnikröfur:

- Leikskólakennaramenntun áskilin
- Hæfni og reynsla í stjórnun æskileg
- Sjálfstæð vinnubrögð
- Færni í mannlegum samskiptum
- Skipulagshæfileikar, frumkvæði, áhugi og metnaður í starfi

Staðan er laus frá og með 1. júní, eða eftir samkomulagi.

Upplýsingar veitir Elfa Dís Austmann leikskólastjóri s: 553-1440 og Auður Jónsdóttir, mannauðsráðgjafi á Leikskólasviði í síma 411-7000.

Umsóknnum fylgi yfirlit yfir nám og störf.

Umsóknir skulu berast til Leikskólasviðs Reykjavíkurborgar, Frikirkjuvegi 1, 101 Reykjavík eða á netfangið starfsumsoknir.leikskolasvid@leikskolar.is.

**Umsóknarfrestur er til 21. apríl 2008.**

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspegli það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauklýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.

# Áhugaverð störf í boði

#### Dæmi um störf í boði:

- Aðstoðarmaður skrifstofustjóra
- Afgreiðslustörf
- Bílabreytingar í Noregi
- Forstöðumaður saumastofu
- Starfsmenn á veitingastað
- Starfsmenn í úthringiverkefni
- Uppsetningar
- Verslunarstjóri

#### Meðal þeirra sem leitað er að:

- Bifvélavirkjar
- Bókarar
- Forritarar
- Lagerstarfsmenn
- Rafvirkjar
- Sölumenn
- Verkfræðingar

#### Vinsamlega athugið

Ráðningarþjónustan fær reglulega beiðnir um ýmis sérfræðistörf, en algengt er að fleiri störf séu í boði en auglýst eru á heimasíðunni. Einstaklingar í atvinnuleit eru því hvattir til að skrá sig.

Áhugasömum er bent á að leggja inn umsókn á [www.radning.is](http://www.radning.is) og sækja þar sérstaklega um störf.

Nánari upplýsingar veita ráðgjafar Ráðningarþjónustunnar.

Ráðningarþjónustan er samstarfsaðili VIRTUS, [www.virtus.is](http://www.virtus.is).



RÁÐNINGAR  
ÞJÓNUSTAN

## Verslunarstjóri

### Domino's Pizza óskar eftir umsóknum í stöðu verslunarstjóra

Nauðsynlegir eiginleikar: Jákvætt hugarfar, kraftur, nákvæmni, miklir hæfileikar í mannlegum samskiptum og vilji til að gera betur í dag en í gær. Æskilegt er að viðkomandi hafi reynslu af sambærilegu starfi.

Umsóknir sendist á [ingibjorg@dominos.is](mailto:ingibjorg@dominos.is) fyrir 15. apríl. Nánari upplýsingar veitir starfsmannastjóri, Ingibjörg Gunnarsdóttir í síma 585 0800.



58-12345  
dominos.is

## Ljósleiðaratengingar

Ljósþing óskar eftir að ráð starfsmann.

Í starfinu felst:

- Ljósleiðartengingar í dreifistöðvum
- Ljósleiðaratengingar í fyrirtækjum
- Samvinna við hönnuði og aðra sem koma að verkinu.

Leitað er að nákvæmum og ábyrgum einstakling sem getur unnið sjálfstætt í stóru langtíma verkefni. Reynsla æskileg en ekki skilyrði.

Áhugasamir hafi samband í síma 840-6680 eða í netfangið [maggi@ljosthing.is](mailto:maggi@ljosthing.is)

Ljósþing ehf sérhæfir sig í lagningu og tengingu á Ljósleiðurum. Og vinnur næstu árin að stóru langtíma verkefni við ljósleiðaralagnir

**LJÓSPING**

Ljósþing ehf S: 588-0027 stapahrauni 7 220 HF [www.ljosthing.is](http://www.ljosthing.is)



PÓSTURINN  
allur pakkinn

Háskólasetur Vestfjarða  
University Centre of the Westfjords

Í samstarfi við:  
Háskólinn á Akureyri  
University of Akureyri



### Viltu breyta til?

Viltu takast á við eitt af mest knýjandi viðfangsefnum framtíðarinnar?

Meistaránám í haf- og strandsvæðastjórnun er nýtt nám, kennt á Ísafirði við Háskólasetur Vestfjarða.

Nánari upplýsingar: [www.hsvest.is](http://www.hsvest.is)  
Umsóknarfrestur: 5. júní 2008

## Móttaka og afgreiðsla – framtíðarstörf

Íslandspóstur hf. óskar eftir afgreiðslufólki til starfa í fullt starf á pósthús víðs vegar á höfuðborgarsvæðinu. Við leitum að sjálfstæðu, úrræðagóðu og þjónustulunduðu starfsfólki sem getur hafið störf fljótlega. Nánari upplýsingar gefa Heiða í síma 580-1263 og Herdís í síma 580-1128.

Umsóknum skal skilað til:  
Íslandspóstur hf.  
Stórhöfða 29  
110 Reykjavík  
Merkt: Afgreiðslustarf.

Starfsumsókn er einnig hægt að fylla út á [www.postur.is](http://www.postur.is)



## Verkefnastjóri námsvefs

Fræðsluatrið Starfsmennt óskar eftir að ráða verkefnastjóra til að halda utan um námsleiðir setursins og hafa umsjón með vefkerfi og rafrænni umsýslu náms.

Starfsmennt er samstarfsvettvangur fjármálaráðuneytisins og 18 stéttarfélaganna BSRB um símenntun, ráðgjöf og starfsþróun starfsmanna og stofnana ríkisins. Þjónusta setursins er sérsniðin að þörfum þátttakenda um allt land í krafti faglegs samstarfsnets og nútíma upplýsingamiðlunar. Því er auglýst eftir fjölhæfum starfsmanni sem hefur mjög góða tölvuþekkingu og er í senn hugmyndaríkur og vandvirkur.

### Starfssvið:

- Umsjón, skipulagning og eftirfylgd námsleiða
- Umsjón með vefkerfi setursins og rafrænni umsýslu náms
- Upplýsingagjöf og aðstoð við viðskiptavinum

### Menntunar- og hæfniskröfur:

- Menntun sem nýtist í starfið
- Reynsla af vefmálum og vefumsjónarkerfum er kostur
- Mjög góð tölvufærni
- Áhugi á símenntun og starfsþróun
- Góð þjónustulund og samskiptahæfileikar
- Mjög gott vald á íslensku og ensku



Símenntun varðar þig

Skriflegar umsóknir ásamt náms- og starfsferilsskrá skulu berast Fræðsluatriðinu Starfsmennt fyrir 25. apríl nk. á netfangið [smennt@smennt.is](mailto:smennt@smennt.is). Upplýsingar um starfsemi og hlutverk má finna á heimasíðu Starfsmenntar [www.smennt.is](http://www.smennt.is). Einnig veitir framkvæmdastjóri, Hulda A. Arnljótsdóttir **nánari upplýsingar í síma 525 8397**.

Fræðsluatrið Starfsmennt • Grettisgötu 89, 105 Reykjavík • [smennt@smennt.is](mailto:smennt@smennt.is) • [www.smennt.is](http://www.smennt.is)

## Skapandi sumarstörf

### Ertu á aldrinum 17 - 25 ára og hefur áhuga á menningu og listum?

Hitt Húsið auglýsir eftir umsóknum í Skapandi sumarstörf á vegum Reykjavíkurborgar. Hópum eða einstaklingum býðst tækifæri á að starfa í 8 vikur á tímabilinu 2. júní - 25. júlí við framkvæmd hugmynda sinna.

Skila þarf inn umsókn þar sem fram koma eftirfarandi upplýsingar:

- Greinargóð lýsing á verkefninu, umfangi þess og markmiðum.
- Tíma- og verkáætlun verkefnisins.
- Fjárhagsáætlun.
- Upplýsingar um alla aðstandendur verkefnisins og tilgreina einn aðila sem tengilið verkefnisins.
- Auk þess skal sækja um verkefnið hjá Vinnumiðlun ungs fólks [www.vuf.is](http://www.vuf.is) og útprentuð staðfesting frá þeim verður að fylgja umsókninni.

Umsóknarfrestur er til 14. apríl. Umsóknum skal skilað í Hitt Húsið, Pósthússtræti 3 - 5, 101 Reykjavík, merktum „Skapandi sumarstörf“

Lumar þú á góðri hugmynd?



Athugið að eingöngu er um laun til einstaklinga að ræða en ekki önnur fjármögnun á verkefninu



Upplýsingar í síma 411 5526





## OKKUR VANTAR GÓÐA LIÐSMENN

- > Við leitum að **5 stjórnendum** til að bera ábyrgð á rekstrarþáttum og þjónustu við skólana
- > Við viljum ráða **10 skólastjóra** til að veita neðangreindum skólum faglega forystu

### > Áfangastjóri

Tölfræði, töflugerð

### > Samskiptastjóri

Kynningamál, gæðamál, vefstjórnun, erl. samskipti

### > Námsstjóri

Kennsluþróun, námsráðgjöf, forvarnir, nemendatengill

### > Kerfisstjóri

Tölvuþjónusta

### > Rekstrarsjóri / Fjármálastjóri

Gjaldkeri, skrifstofa, bókhald, launafulltrúi

# NÝR SKÓLI

Fjöltækniskóli Íslands og Iðnskólinn í Reykjavík sameinast í einkarekinn skóla

### > Skólastjóri Byggingatækniskóla

Tækniteiknun, húsmíði, húsgagnasmíði, málun, múrsmíði, veggfóðrun og dúklagnir

### > Skólastjóri Upplýsingatækniskóla

Grunnnám upplýsinga- og fjölmiðlagreina, ljósmyndun, grafísk miðlun, prentun, tölvutækni

### > Skólastjóri Hönnunar- og handverksskóla

Fataiðnir, klæðskurður, kjólasaumur, gull- og silfursmíði, keramik hönnun, almenn hönnun

### > Skólastjóri Raftækniskóla

Grunnnám rafiðna, rafeindavirkjun, rafvirkjun, rafvélavirkjun

### > Skólastjóri Véltækniskóla

Málmtækni - málmsmíði, véltækni - vélstjórn

### > Skólastjóri Skipstjórnarskóla

Skipstjórn og flutningatækni

### > Skólastjóri Hársnyrtiskóla

Hársnyrtung

### > Skólastjóri Tæknimenntaskóla

Almennt nám, kvöldnám, fjarnám, stúdentspróf, tæknistudent, framhaldsskólapróf, starfsmenntapróf

### > Skólastjóri Fjölmeningarskóla

Janus endurhæfing, nýbúabaut, sérdeild

### > Skólastjóri Endurmenntunarskóla

Eftirmenntun, námskeið

### > Skólastjóri Flugskóla Íslands

Flugnám, flugstjórn, flugtækni



HAGVANGUR

Nánari upplýsingar um störfun og móttaka umsókna er á [www.hagvangur.is](http://www.hagvangur.is)

Hinn 1. Júlí 2008 tekur til starfa nýr sameinaður skóli Fjöltækniskóla Íslands og Iðnskólans í Reykjavík og verður með sameiningunni til stærsti framhaldsskóli landsins. Menntafélagið ehf. sem rekið hefur Fjöltækniskóla Íslands frá 2003 og er í eigu LÍÚ, SI, Samorku, SÍK og iðnaðarmannafélags Reykjavíkur rekur hinn nýja skóla með þjónustusamningi við menntamálaráðuneytið.

Nýr skóli hefur ekki fengið nafn ennþá en fyrirhugað er að kynna nýtt nafn síðar í þessum mánuði.

Hugmyndafræðin að baki hinum nýja skóla er að efla samskiptin milli skóla og atvinnulífs og verður hinum nýja skóla skipt upp í 11 undirskóla sem hver fyrir sig lýtur faglegri stjórn fagraða faggreina skólans sem skipuð eru fulltrúum atvinnulífs, launþega og skóla.



www.fti.is



IÐNSKÓLINN Í REYKJAVÍK

www.ir.is

Nánari upplýsingar:

Baldur Gíslason skólameistari, sími 895 5877 - [bg@ir.is](mailto:bg@ir.is)  
Jón B. Stefánsson skólameistari, sími 894 2269 - [jbs@fti.is](mailto:jbs@fti.is)



# Kaffi Garður

## Helgarstarf



Leitum að ábyrgðarfullum einstaklingi til starfa í Kaffi Garði, kaffiteríu verslunar Húsasmiðjunnar og Blómavals í Skútuvogi. Starfið felst í afgreiðslu og umsjón með kaffiteríunni. Unnið er aðra hverja helgi, á laugardögum frá 09 – 18 og á sunnudögum frá 10 – 17.



Æskilegur aldur er 20 ára eða eldri.

Viljum einnig bæta við íhlaupafólki um helgar og til sumarafleysinga.

Sendið umsóknir til Guðrúnar Kristinsdóttur, [gudrunk@husa.is](mailto:gudrunk@husa.is). Einnig er hægt að sækja um störfin á heimasíðu Húsasmiðjunnar - [www.husa.is](http://www.husa.is)



HÚSASMÍDJAN  
...ekkert máli



LANDSBÓKASAFN ÍSLANDS  
HÁSKÓLABÓKASAFN

## Starfsmaður í skylduskilum

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn óskar eftir að ráða starfsmann í 100% starf við skylduskil. Einingin skylduskil heyrir undir þjóðdeild á varðveislusviði safnsins og annast söfnun efnis sem gefið er út á Íslandi í prentuðu formi og á öðrum miðlum. Má þar nefna bækur, blöð og tímarit en einnig rafrænt efni, t.d. vefsíður.

Helstu verkefni starfsmanns eru móttaka, innheimta og frágangur skilaskylds efnis, þ.m.t. söfnun efnis sem er útgefið á vefnum.

### Menntunar- og hæfniskröfur

- Háskólamenntun (t.d. bókasafnsfræði) eða reynsla sem nýtist í starfi
- Góð íslenskukunnátta
- Góð tölvukunnátta
- Sjálfstæði, drifkraftur og frumkvæði
- Lipurð í samskiptum
- Sveigjanleiki til að sinna fjölbreyttum verkefnum
- Áhugi á þjóðmálum

Nánari upplýsingar um starfið veitir Þorleifur Jónsson, forstöðumaður þjóðdeildar, s. 525-5631, [thorljon@bok.hi.is](mailto:thorljon@bok.hi.is).

Umsóknir merktar „Skylduskil“ sendist til Vigdísar Eddu Jónsdóttur, starfsmannastjóra, á [vigdise@bok.hi.is](mailto:vigdise@bok.hi.is) til og með 20. apríl 2008. Laun eru greidd skv. kjarasamningum. Öllum umsóknum verður svarað. Við ráðningu er tekið mið af jafnréttisáætlun safnsins.

Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn | Arngrímögúta 3 - 107 Reykjavík | s. 525-5600 | [www.landsbokasafn.is](http://www.landsbokasafn.is)  
Landsbókasafn Íslands – Háskólabókasafn er þekkingarveita í þágu íslensks vísinda- og fræðasamfélags. Hjá Landsbókasafni starfa um 100 starfsmenn við margvisleg störf.



Reykjavíkurborg  
Leikskólasvið



## Skapandi störf með skapandi fólki

### Laus störf í leikskólum Reykjavíkurborgar

#### Leitað er eftir:

- Leikskólakennurum
- Proskapjálfum
- Starfsfólki með uppeldis- og háskólamenntun
- Starfsfólki með menntun eða reynslu á sviði lista
- Starfsfólki með fjölbreytta menntun og/eða starfsreynslu

#### Deildarstjórar

Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350  
Múlaborg, Ármúla 8a, sími 568-5154

#### Leikskólakennarar/leiðbeinendur

Blásalir, Brekknaás 4, sími 557-5720  
Heiðarborg, Selásbraut 56, sími 557-7350  
Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995  
Jöklaborg, Jöklalesi 4, sími 557-1099  
Klettaborg, Dyrhómrúm 5, sími 567-5970

Laufskálar, Laufríma 9, sími 587-1140  
Laugaborg, við Leirulæk, sími 553-1325  
Rofaborg, Skólabæ 6, sími 567-2290  
Sæborg, Starhaga 11, sími 562-3664


#### Aðstoðarmaður í eldhúsi

Hof, Gullteigi 19, sími 553-9995

Upplýsingar um lausar stöður veita leikskólastjórar í viðkomandi leikskólum og mannauðsráðgjafar á Starfsmannapjónustu Leikskólasviðs í síma 411-7000.

Laun eru skv. kjarasamningi Reykjavíkurborgar við viðkomandi stéttarfélag.

Vakin er athygli á stefnu Reykjavíkurborgar um jafnan hlut kynja í störfum og að vinnustaðir borgarinnar endurspeglí það margbreytilega samfélag sem borgin er. Atvinnuauðgýsingar má einnig skoða á heimasíðu Reykjavíkurborgar [www.reykjavik.is/storf](http://www.reykjavik.is/storf). Hjá símaveri Reykjavíkurborgar, 4 11 11 færð þú allar upplýsingar um þjónustu og starfsemi borgarinnar og samband við þá starfsmenn sem þú þarft að ná í.



## FLOKKSTJÓRI, SUMARVINNA

**Faxaflóahafnir sf óska að ráða til starfa flokkstjóra sumarvinnuflokks.**

Starfið felst í umsjón með sumarvinnuflokknum sem vinnur að hirðingu opinna svæða auk minni viðhalds- og þjónustuverkefna á vegum hafnanna.

Um tímabundið starf er að ræða. Æskilegt að viðkomandi hafi reynslu af garðyrkjustörfum.

Vinnuflokkurinn mun hafa starfsstöð í Bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

Allar nánari upplýsingar um starfið gefur Jón Guðmundsson í síma 5258951.



## SUMARVINNA

**Faxaflóahafnir sf leita að rösku fólki til starfa sumarið 2008.**

Um er að ræða störf við viðhald og hirðingu hafnarsvæðanna í Reykjavík.

Tímabil vinnu er frá 26. maí til 15. ágúst 2008.

Starfið felst í vinnu að hirðingu opinna svæða auk minni viðhalds- og þjónustuverkefna á vegum fyrirtækisins. Vinnuflokkurinn mun hafa starfsstöð í Bækistöð Faxaflóahafna að Fiskislóð 12 í Reykjavík.

**Þeir sem hafa áhuga á að sækja um sumarvinnu hjá Faxaflóahöfnun sf., athugi eftirfarandi skilyrði fyrir ráðningu:**

- Umsækjandi sé fæddur árið 1991 eða fyrr.
- Umsókn berist Faxaflóahöfnun sf. fyrir 1. maí 2008.

Nánari upplýsingar og skráning umsókna fer fram á vef Faxaflóahafna sf., [www.faxaflaohafnir.is](http://www.faxaflaohafnir.is), Einungis er tekið við umsóknum á netinu.



**Þjónustumiðstöð Álfтанess - framtíðarstarf**  
Þjónustumiðstöð Álfтанess auglýsir eftirfarandi framtíðarstarf laust til umsókna:

**Starfsmaður í þjónustumiðstöð - framtíðarstarf.** Umsækjendur skulu hafa bílpróf og æskilegt er að þeir hafi vinnuvélaréttindi. Um er að ræða fjölbreytt starf. Umsækjendur skulu vera 20 ára eða eldri (fæddir 1988 eða fyrr).

Laun eru samkvæmt kjarasamningi Launanefndar sveitarfélaga og STH. Umsóknarfrestur er til 10. apríl 2008.

### Þjónustumiðstöð Álfтанess - sumarstörf

Verkstjóri fyrir sumarstörf, umsækjendur þurfa að vera 20 ára og eldri. Æskilegt er að verkstjóri hafi reynslu í verkstjórn og /eða garðyrkjustörfum.

Vélamenn, nauðsynlegt er að umsækjendur séu með réttindi til að aka dráttarvél.

Starf sláttumanna, umsækjendur þurfa að vera 18 ára og eldri.

Almenn sumarstörf, fyrir ungmenni fædd 1991 eða fyrr.

Nánari upplýsingar veitir forstöðumaður Þjónustumiðstöðvar Álfтанess í síma 565-8696 og 821-5010, netfang: [brynjolfur@alftaness.is](mailto:brynjolfur@alftaness.is).

Umsóknarfrestur um sumarstörf er til 15. maí 2008.

Umsóknareyðublöð liggja frammi á þjónustumiðstöð Álfтанess, íþróttamiðstöð Álfтанess og á skrifstofu sveitarfélagsins að Bjarnastöðum. Einnig er hægt að nálgast umsóknareyðublöð á heimasíðu Álfтанess: [www.alftaness.is](http://www.alftaness.is).

**Forstöðumaður þjónustumiðstöðvar**



## Starfsmaður með meirapróf

Murbúðin er ört vaxandi fyrirtæki í innflutningi og sölu á hágæða múrvörum málningu og byggingavörum.

Murbúðin óskar að ráða meiraprófsbilstjóra í sumar til afleysinga.

Umsóknir sendist á tölvupóstfangið baldur@murbudin.is



# MÚRBÚÐIN

Kletthálsi 7 · Sími: 544-5470 · www.murbudin.is



# Sumarstörf... eigum við að ræða það eitthvað?

Leitum að hressu og duglegu fólki til starfa á Shell- og Select stöðvum okkar í sumar. Afgreiðsla í verslun og á plani, þjónusta við viðskiptavinum og önnur tengd störf. Vaktavinna.

Umsóknareyðublöð má nálgast á [www.skeljungur.is](http://www.skeljungur.is) og á öllum Shell- og Select stöðvum. Nánari upplýsingar gefur Heiða í síma 444 3056 eða á [starf@skeljungur.is](mailto:starf@skeljungur.is)

Skeljungur hf. er oliufélag sem leggur áherslu á eldsneytissölu, verslunarrekstur og góða þjónustu undir vörumerkjum Shell. Starfsfólk er um 300 og starfar á Shell- og Select stöðvum, við eldsneytisdreifingu í Orfirisey, á Reykjavíkflugvelli og víða á landsbyggðinni. Skrifstofur félagsins eru að Hólmaslóð 8 í Reykjavík.

Skeljungur leggur áherslu á að starfsfólk nýti hæfileika sína í daglegum störfum, hafi ánægju af störfum sínum og taki virkan þátt í að móta vinnuumhverfið. Markmiðið er að hafa ætíð á að skipa hæfu og áhugasömu starfsfólki þar sem áhersla er lögð á markviss vinnubrögð og skýra ákvarðanatöku.



VEISLAN



## MATREIÐSLUMAÐUR

Matreiðslumaður óskast strax eða sem allra fyrst í Veisluna veitingaeldhúsi á Seltjarnarnesi í 100% starf, skemmtilegt og krefjandi starf

Allar nánari upplýsingar gefur Ísak í síma 561-2031 eða 821-1030

Einnig hægt að senda póst á [army@veislan.is](mailto:army@veislan.is)

Einnig óskum við eftir aðstoðarmann í fjölbreytt starf, 100 % starf, sem allra fyrst



# GARÐABÆR

[www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

Hefur þú brennandi áhuga á góðri menntun barna og vellíðan?

## Áhugaverð störf í leikskólum Garðabæjar næsta vetur

Leikskólar Garðabæjar eru eftirsóknaverðir vinnustaðir þar sem áhersla er lögð á jákvæðni, áreiðanleika og fagmennsku leikskólakennara og annarra starfsmanna. Í skólastefnu Garðabæjar koma fram áherslur bæjarins í leikskólastarfi. Þar má meðal annars nefna að öllum börnum verði gefið tækifæri til að læra í gegnum leik og takst á við verkefni við hæfi, að stuðla að heilbrigði leikskólabarna, jafnt andlegu, félagslegu sem líkamlegu og síðast en ekki síst að í leikskólum Garðabæjar starfi vel menntað og hæft starfsfólk.

Garðabæjar hefur á undanföllum árum lagt sig fram við að bæta kjör og aðstöðu leikskólakennara og annarra starfsmanna. Í leikskólum eru starfsmenn studdir í heilbrigðum lífsháttum og þeir fá tækifæri til að þróast í starfi með þátttöku í markvissri símenntun. Þar má nefna að Garðabær styður starfsmenn leikskóla í fjarnámi til B.Ed. gráðu í leikskólafræðum og leikskólakennara sem hyggjast stunda framhaldsnám.

**Bæjarból** sími 565 6470 [baejarbol@leikskolarnir.is](mailto:baejarbol@leikskolarnir.is)

- Leikskólakennarar

**Hæðarból** sími 565 7670 [haedarbol@leikskolarnir.is](mailto:haedarbol@leikskolarnir.is)

- Leikskólakennari
- Aðstoð í eldhúsi 40% starf

**Kirkjuból** sími 565 6322 [kirkjubol@leikskolarnir.is](mailto:kirkjubol@leikskolarnir.is)

- Leikskólakennari
- Sérkennslustjóri

**Lundaból** sími 565 6176 [lundabol@leikskolarnir.is](mailto:lundabol@leikskolarnir.is)

- Deildarstjóri
- Matráður
- Leikskólakennari
- Umsjónaraðili með hreyfingu
- Umsjónaraðili með myndlist

**Sunnuhvoll** sími 565 9480 [sunnuhvoll@leikskolarnir.is](mailto:sunnuhvoll@leikskolarnir.is)

- Leikskólakennari

Umsóknir berist leikskólastjóra hvers leikskóla sem veitir nánari upplýsingar. Einnig er hægt að sækja um á vef Garðabæjar [www.gardabaer.is](http://www.gardabaer.is)

**Umsóknarfrestur er til 1. maí nk.**

Laun eru samkvæmt kjarasamningi LN við hlutaðeigandi stéttarfélag.

## UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

## Lögfræðingur

Umboðsmaður Alþingis mun á næstunni ráða lögfræðing til starfa hjá embættinu.

Leitað er að einstaklingi með embættis- eða meistaraþróf í lögfræði auk þess sem æskilegt er að viðkomandi hafi lagt sig eftir stjórnábyrgð eða skyldum greinum í námi eða hafi starfsreynslu á því sviði.

Um er að ræða krefjandi starf á sviði lögfræði. Lögð er áhersla á umsækjendur geti unnið sjálfstætt að greiningu og úrlausn lögfræðilegra álitaefna og hafi gott vald á ritun texta á íslensku.

Þeir sem uppfylla ofangreindar hæfniskröfur og áhuga hafa á starfinu eru hvattir til að senda inn umsókn, einnig nýtskrifaðir lögfræðingar. Um starfskjör fer eftir kjarasamningi og nánara samkomulagi.

Umsóknir ásamt upplýsingum um menntun, starfsferil og annað skal senda á netfangið postur@umb.althingi.is eða á skrifstofu umboðsmanns Alþingis, Áltamýri 7, 150 Reykjavík, merkt: Starfsúmsókn - lögfræðingur. Umsóknarfrestur er til og með 22. apríl nk. Upplýsingar um starfið eru veittar hjá umboðsmanni Alþingis í síma 5106700.

Umboðsmaður Alþingis hefur eftirlit með stjórnábyrgð ríkis og sveitarfélaga og sinnir því með úrvinnslu kvartana og málum sem hann tekur upp að eigin frumkvæði. Í störfum hjá umboðsmanni Alþingis reynir því á reglur um hin ýmsu svið stjórnábyrgðunar auk lögfræðilegra álitaefna á sviði stjórnábyrgðunar og mannréttindareglna. Embættið býr yfir góðu lögfræðibókasafni á sínu sviði og starfsfólki er hvatt til endurmenntunar. Nánari upplýsingar um starf umboðsmanns Alþingis má sjá á vefsíðu embættisins: [www.umbodsmaduralthingis.is](http://www.umbodsmaduralthingis.is)

UMBOÐSMAÐUR ALÞINGIS

[www.umbodsmaduralthingis.is](http://www.umbodsmaduralthingis.is)


### Bifreiðastjórar með hópþingréttindi

Vegna aukinna verkefna vantar okkur nokkra bifreiðastjóra til starfa sem fyrst. Um er að ræða bæði 100% störf og hlutastörf sem henta bæði konum og körlum.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515 2700 á skrifstofutíma.



### Bifvélavirkjar/Vélvirkjar

Vegna aukinna verkefna vantar okkur Bifvélavirkja /Vélvirkja / Verkstæðismenn til starfa sem fyrst.

Nánari upplýsingar gefa Ágúst og Jónas í síma 515-2700 á skrifstofutíma.



## Snæfellsbær Grunnskóli

### KENNARAR ATHUGIÐ!

Lausar eru kennarastöður við Grunnskóla Snæfellsbæjar frá og með næsta skólaári.

Starfsstöðvar skólans eru á Hellissandi, í Ólafsvík og á Lýsuhólsskóla. Meðal mögulegra kennslugreina er almenn kennsla og umsjón á yngsta- og miðstigi, textílmenn, smíðar, heimilisfræði og myndmennt, auk íslensku-, stærðfræði-, samfélagsfræði- og dönskukennslu á unglingsstigi. Einnig stjórn Verkefnavers skólans. Aðrir möguleikar eru fyrir hendi!

Lögð er áhersla á einstaklingsmiðað nám þar sem nemendur fá kennslu miðað við þroska og getu, að efla sjálfstæði nemenda, samvinnu og árangursrík vinnubrögð, með áherslu á vellíðan nemenda og virðingu þeirra fyrir sjálfum sér, öðru fólki og umhverfi sínu. Skólinn stefnir að fá Grænfána á allar starfsstöðvar í vor, unnið er skv. Olweusaráætlun og skólaárið 2008-2009 er stefnt að stóráuknu námsvali á öllum skólastigum. Skólinn er umvafinn mörgum af falletustu náttúruperlum Íslands sem býður upp á mikla möguleika í starfi.

Nú er að grípa tækifærið og ganga til liðs við metnaðarfullan hóp sem ætlar sér stöðugt að gera góðan skóla betri! Áhugasömum er bent á að hafa samband við Magnús Þór Jónsson skólastjóra, í sínum 433-9900 og 894-9903, eða senda tölvupóst á [maggi@gsnb.is](mailto:maggi@gsnb.is) eða [gs@gsnb.is](mailto:gs@gsnb.is). Öllum umsóknum verður svarað. Hafðu samband, þú tapar engu en gætir grætt mikið!

Snæfellsbær er 1700 manna bæjarfélag á vestanverðu Snæfellsnesi. Helstu þéttbýliskjarnar bæjarfélagsins eru Ólafsvík, Hellissandur og Rif. Í Snæfellsbæ er gott að búa, öll helsta þjónusta er í bæjarfélaginu og félagslíf mjög öflugt. Þá er sama hvort talað er um þjónustu sveitarfélagsins (heilsugæsla, leikskólar, tónskóli o.fl.) eða einkaaðila (verslanir, líkamsræktarstöð o.fl.). Félagslífið er margbrotið, s.s. klúbbastar, kórar og mikil gróska í íþróttalífi, hvort sem er hjá börnum eða fullorðnum.



Sölufulltrúi Hive & Sko  
Mjög góð laun

